

Almennir slysatryggingarskilmálar (Allianz AUB 2017)

Ágæti viðskiptavinur,

slys eiga sér stað á heimilum, við vinnu og í frítíma. Þá kemur slysatryggingin til aðstoðar. Óháð því hvar og hvenær slysið á sér stað.

Grundvöllur samningsins eru þessir almennu slysatryggingarskilmálar (Allianz AUB 2017). Þeir samanstanda af A-hluta (bætur), B-hluta (skyldur þínar) og C-hluta (almennar reglur) sem og starfshópalista. A-hluti samstandur af reglum um slysatryggingu sem og þeim viðbótarþáttum sem um samdist hverju sinni. Úr þeim verður einn heildstæður samningur. Tryggingarskilmálar, umsókn og tryggingarskirteini ákvarða innihald slysatryggingarinnar. Þetta eru mikilvæg skjöl.

Lesið því Allianz AUB 2017 í heild og gaumgæfilega og gætið þess vandlega.

Ef slys á sér stað, greinið okkur þá frá því eins skjótt og auðið er. Við útskýrum síðan fyrir þér hvernig framvindan verður.

Það á einnig við um okkur, sem tryggingafélag, að stundum þarf að nota faghugtök. Þau eru ekki alltaf auðskilin. Við viljum þó að þú skiljir trygginguna vel. Þess vegna útskýrum við ákveðin faghugtök eða skýrum þau með dæmum. Þegar við tökum dæmi eru þau ekki tæmandi.

Allianz

Hvor er hvor?

- Þú ert tryggingartakinn okkar og þar með samningsaðili okkar.
- Tryggður er hver sá sem nýtur tryggingarverndar samkvæmt samningnum. Það getur verið þú og fleiri.

A hluti – Bætur

Hér er að finna sérstakar reglur er varða einstakar bætur. Hér má einkum lesa hvaða bætur við greiðum og í hvaða tilvikum bætur eru útilokaðar eða skertar. Auk þess er meðal annars lýst sérstökum hegðunarreglum sem hafa verður í huga (einkum skyldum þínum). Frekari skyldur sem þú þarft að hafa í huga er að finna í B hluta.

Slysatrygging

1.	Forsendur bótagreiðslna og umfang bóta.....	1
1.1	Hvað er tryggt?	1
1.2	Hvenær kemur slysaráðgjafi til aðstoðar?.....	2
1.3	Hvaða bætur eru tryggðar? Hvaða frestir og frekari forsendur gilda um einstakar bætur?	2
1.4	Hvaða kostnað þjónustuaðila tökum við á okkur og hver er réttarstaðan?.....	6
2.	Útilokanir frá bótum og takmarkanir bóta	7
2.1	Hvað gerist ef afleiðingar slyss og sjúkdómar eða heilsubrestur fara saman?.....	7
2.2	Hvað er ekki tryggt?	7
3.	Skuldbindingar þínar	8
3.1	Hvað ber að hafa í huga eftir slys (skuldbindingar)? ..	8
3.2	Hvaða réttaráhrif hefur það að standa ekki við skuldbindingar?	8
4.	Iðgjaldsaðlögun ef tjónskrófur breytast.....	9
5.	Aðlögun tryggingarverndar að loknu 18. eða 55. aldursári og við breytingu á vinnufærni	9
5.1	Hvað þarf að hafa í huga við lok 18. aldursárs?	9
5.2	Hvað þarf að hafa í huga við lok 55. aldursárs?	9
5.3	Hvað þarf að hafa í huga við breytingu á vinnufærni? ..	9
6.	Gjalddagi bótagreiðslna og endurmat örorkuprósent..	10
6.1	Hvenær gjaldfalla bætur okkar?	10
6.2	Hvenær má meta örorku að nýju?	10
7.	Frekari skilmálar.....	10

Viðbótarþáttur Tekjulífeyrir

1.	Forsendur bótagreiðslna og umfang bóta.....	11
1.1	Forsendur bóta	11
1.2	Tegund og upphæð bóta	11
1.3	Upphaf, lengd og lok bóta	11
1.4	Hagnaðarhlutdeild við reglubundnar lífeyrisgreiðslur...11	
2.	Þegar saman fara afleiðingar slyss og sjúkdómar eða heilsubrestur.....	11
3.	Gjalddagi bóta og endurmat örorku.....	11

Viðbótarþáttur Bráðabætur

1.	Forsendur bótagreiðslna og umfang bóta.....	12
1.1	Forsendur bóta	12
1.2	Tegund og upphæð bóta	12
2.	Lok viðbótarþáttarins Bráðabætur við lok 18. æviárs	12

Viðbótarþáttur Sjúkrahúsdagpeningar

1.	Forsendur bótagreiðslna og umfang bóta	13
1.1	Forsendur bóta	13
1.2	Hæð og lengd bóta	13
2.	Þegar saman fara afleiðingar slyss og sjúkdómar	13
3.	Gjalddagi bóta okkar	13

Viðbótarþáttur Dánarbætur

1.	Forsendur bótagreiðslna og umfang bóta.....	13
1.1	Forsendur bóta	13
1.2	Tegund og upphæð bóta	13
2.	Þegar saman fara afleiðingar slyss og sjúkdómar	13

B-hluti - Skyldur þínar

Hér er að finna frekari skyldur sem hafa verður í huga. Einnig gilda reglur um afleiðingar brota gegn samstarfsskyldum.

Hvaða sérstöku skuldbindingar hafa verður í huga við slysaftryggingu eða einstaka viðbótarþætti hverju sinni er að finna í A hluta.

Reglur B hluta gilda um slysaftrygginguna og hvern viðbótarþátt, svo framarlega sem gildissvið þeirra er ekki skilmerkilega takmarkað.

1.	Tilkynningaskylda fyrir samningsgerð	14
2.	Skyldur sem snerta greiðslu iðgjalds 14	
2.1	Hvað þarf að hafa í huga við greiðslu iðgjalds?	14
2.2	Hvað gildir ef fyrsta eða einstakt iðgjald er ekki greitt á réttum tíma?	15
2.3	Hvað gildir ef þú greiðir ekki framhaldsiðgjald á réttum tíma?	15

C hluti - Almennar reglur

Hér er að finna almennar reglur sem hafa verður í huga.

Reglur C hluta gilda um slysaftrygginguna og hvern viðbótarþátt, svo framarlega sem gildissvið þeirra er ekki skilmerkilega takmarkað.

1.	Upphaf tryggingarverndar.....	16
2.	Aðlögun skilmála	16
3.	Tryggingarár skilgreint.....	16
4.	Lok samningsins	16
4.1	Hversu lengir gildir samningurinn og hvenær má segja honum upp?.....	16
4.2	Við hvaða skilyrði má segja tryggingunni upp eftir að til tryggingartilviks kom?	17
4.3	Áhrif uppsagnar á slysaftrygginguna og einstaka viðbótarþætti	17
5.	Iðgjald við samningslok fyrr en ætlað var	17
6.	Þýskur réttur	17
7.	Varnarþing	17
8.	Fyrning.....	18

Viðauki: Starfshópalisti

A hluti – Bætur

Slysatrygging

1. Forsendur bótagreiðslna og umfang bóta

1.1 Hvað er tryggt?

(1) Grundvallarregla

Við bjóðum umsamda tryggingarvernd þegar hinn tryggði slasast.

(2) Gildissvið

Tryggingarvernd er fyrir hendi á meðan samningurinn er í gildi,

- um allan heim og
- allan sólarhringinn.

(3) Slys skilgreint (hugtakið slys)

Um slys er að ræða þegar hinn tryggði verður fyrir

- óvæntum og óæskilegum utanaðkomandi atburði (slysatilvik)
- sem óæskilegt líkamstjón hlýst af.

(4) Það sem telst slys umfram þetta (viðara slyshugtak)

a) Aukin áreynsla og hreyfing af sjálfsdáðum

Það telst einnig slys ef hinn tryggði snýr sig um lið á útlím eða hryggsúlu við aukna áreynslu eða aðra hreyfingu af sjálfsdáðum; dæmi:

- Hinn tryggði styður við hlut og snýr sig og/eða tognar á olnboga,
- vöðvum, sinum, böndum eða liðpokum á útlímum eða hryggsúlu eða rifnar; dæmi: Hinn tryggði tognar á lærvöðva við leikfimiæfingu.

Liðþófi og hryggþófar eru hvorki vöðvar, sinar, bönd né liðpokar. Þess vegna á reglan ekki við um þá og hvað þetta varðar er engin tryggingavernd til staðar.

- beinbrotnar.

Dæmi: Hinn tryggði fellur við á göngu án greinanlegra ytri orsaka og ökklabrotnar.

b) Lærleggshálsbrot

Lærleggshálsbrot telst einnig slys, óháð orsök. Lærleggshálsbrot í þessum skilningi er sérhvert lærleggsbrot nærri mjaðmarlið.

c) Blóðmaursbit

Tryggingarvernd er líka fyrir hendi vegna sýkinga sem berast með blóðmaursbiti.

Dæmi: Heilabólga snemmsumars af völdum meningókokka (FSME), borreliúsýking

Þegar um blóðmaursbit er að ræða gilda ákveðnir frestir við tilurð, greiningu og endurmat á örorku sem og um það hvernig þú heldur frekari bótakröfum þínum til streitu. Frestir hefjast ekki við slysið (blóðmaursbitið), heldur þegar læknir greinir sýkinguna í fyrsta sinn.

d) Bólusetningartjón

Tryggingarvernd er líka fyrir hendi vegna meinsemda vegna bólusetningar gegn sýkingum. Meinsemd vegna bólusetningar er heilsutjón umfram venjuleg viðbrögð við bólusetningu. Bólusetning telst slysatilvik í skilningi 3. mgr.

e) Mannbjörg

Tryggingarverndin nær einnig til heilsutjóns við aðgerðir eða réttmætar tilraunir til að bjarga lífi fólks eða eignum.

f) Köfun

Tryggingarverndin nær einnig til heilsutjóns við köfun. Þetta á einnig við um dæmigert heilsutjón við köfun, ef það orsakast ekki af slysi (t.d. Caisson-sjúkdómur, hljóðhimnuskemmdir).

g) Kal, drukkun eða köfnun

Tryggingarverndin nær einnig til óviljandi heilsutjóns vegna

- kals,
- drukkunar eða köfnunar undir yfirborðinu.

h) Gufur, lofttegundir eða aðrir skaðlegir miðlar

Tryggingarvernd er fyrir hendi við óviljandi heilsutjón þar sem út streyma

- gufur,
- lofttegundir eða
- aðrir skaðlegir miðlar (t.d. sýrur, rykský eða eitur).

Forsendur þessa er að hinn tryggði varð fyrir þessum áhrifum óviljandi og ekki til langframa. Ekki tryggt er því heilsutjón sem rekja má til langvarandi áhrifa smám saman. Langvarandi eru áhrif þegar þau vara - einnig með hléum - lengur en 7 sólarhringa.

i) Vökva-, næringarefna- eða súrefnisskortur

Það telst einnig slys þegar heilsutjón hlýst af skorti á

- vökva,
- næringarefnum eða
- súrefni.

Forsenda er að hinn tryggði líði skortinn óvænt og óviljandi og hafi ekki geta komist undan honum af eigin rammeik.

(5) Heilsutjón vegna geisla og sýkinga við atvinnustörf eða sjálfboðaliðastarf

Við atvinnustörf eða sjálfboðaliðastarf

er tryggingarvernd fyrir hendi við svofellt heilsutjón ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) Heilsutjón vegna geisla

Tryggingarvernd er fyrir hendi vegna heilsutjóns af völdum slyss vegna

- röntgeisla,
- leysigeisla sem og
- útfjólublárra geisla af mannavöldum.

Forsenda er: Hinn tryggði hlaut heilsutjónið við atvinnustörf eða sjálfboðaliðastarf. Tryggingarvernd er ekki fyrir hendi vegna heilsutjóns sem er afleiðing reglubundinnar umgengni við tæki sem senda frá sér geisla.

b) Sýkingar

Tryggingarvernd er fyrir hendi vegna sýkinga ef hinn tryggði sýktist við atvinnustörf eða sjálfboðaliðastarf.

Forsenda er: Sóttkveikjurnar bárust inn í líkama hins tryggða eftir einhverri eftirtalinnna leiða:

- Skemmd á húð. Að minnsta kosti ytra lag húðar þarf að hafa farið í sundur.
- Smitefni berst skyndilega í auga, munn eða nef.

Það nægir ekki að andað, hnerrað eða hóstað sé á viðkomandi, nema þegar um barnaveiki- og berklasýkingu er að ræða.

Þegar um sýkingar er að ræða gilda ákveðnir frestir við tilurð, greiningu og endurmat á örorku sem og um það hvernig þú heldur bótakröfum þínum til streitu.

Örorka vegna sýkingarinnar þarf að

- koma fram innan 39 mánaða frá slysi
- vera skriflega staðfest af lækni og
- henni haldið til streitu hjá okkur.

(6) Takmörkun bótaskyldu okkar

Í vissum tilfellum slysa og heilsutjóns getum við ekki eða aðeins í takmörkuðum mæli greitt bætur. Athugið því reglur um samstarf vegna sjúkdóma og heilsubrests (sjá tölu. 2.1) og um útilokanir (sjá tölu. 2.2).

1.2 Hvenær kemur slysaráðgjafi til aðstoðar?

Eftir slys má hafa samband við slysaráðgjafa allan sólarhringinn alla daga vikunnar.

Slysaráðgjafi veitir ráðgjöf við öllum spurningum varðandi tryggðar bætur, samræmir og skipuleggur

- bætur í neyðartilvikum (tölu. 1.3.3);
- stoðtæki (tölu. 1.3.6);
- menntunar- og starfstengda ráðgjöf (tölu. 1.3.7);
- ráðgjöf vegna umbreytinga (tölu. 1.3.8).

1.3 Hvaða bætur eru tryggðar? Hvaða frestir og frekari forsendur gilda um einstakar bætur?

Hér á eftir lýsum við bótum okkar og forsendum þeirra.

Í viðbótarþáttum kunna að vera reglur um frekari bætur sem um samdist.

Hvaða bætur og tryggingarfjárhæðir um samdist okkar á milli er að finna í tryggingarskírteininu og viðaukum þess.

Í þessum hluta er fjallað um:

1.3.1	Örorkubætur
1.3.2	Tafarlausar bætur ef um alvarlega áverka er að ræða
1.3.3	Bætur í neyðartilvikum
1.3.4	Kostnaður vegna leitar-, björgunar- eða hjálparstarfa
1.3.5	Kostnaður vegna lýtaaðgerða
1.3.6	Stoðtæki
1.3.7	Menntunar- og starfstengd ráðgjöf
1.3.8	Ráðgjöf vegna umbreytinga (húsnæði og hreyffærni)
1.3.9	Fjölskylduvernd
1.3.10	Iðgjaldsundanþága vegna ólöggráða barna við andlát tryggingartaka

1.3.1 Örorkubætur

(1) Forsendur bóta

a) Örorka

Hinn tryggði varð öryrki.

Örorka liggur fyrir ef

- líkamlegt eða andlegt atgervi er skert
 - varanlega
- af völdum slyss.

Skerðing er varanleg ef fyrirsjáanlegt er

- að hún muni vara lengur en 3 ár og
- að ekki sé við því að búast að ástandið breytist.

Dæmi: Skerðing er ekki varanleg ef hinn tryggði verður fyrir beinbroti sem grær innan eins árs án frekari afleiðinga.

b) Prósentustig sem greiðsla örorkubóta miðast við (lágmarksörorkustig)

Við greiðum örorkubætur því aðeins að örorkustig af völdum slyss nemi að minnsta kosti umsömdu prósentustigi (lágmarksörorkustig). Forsenda er að örorka þessi sé til komin óháð örorku sem fyrir hendi var áður en slysið átti sér stað.

Í tryggingarskírteininu má sjá um hvaða prósentustig var samið.

c) Tilurð örorku og staðfesting læknis

Örorkan

- kom fram innan 24 mánaða frá slysi og
- læknir hefur staðfest hana skriflega.

Ef einhver þessara forsendna er ekki uppfyllt skapast ekki tilkall til örorkubóta.

d) Örorku haldið til streitu

Halda þarf örorkunni til streitu hjá okkur innan 24 mánaða frá slysi. Að halda til streitu merkir: Þú tilkynnir okkur að þú teljir að um örorku sé að ræða.

Ef þú vörðir ekki þennan frest er tilkall til örorkubóta útilokað.

Aðeins í sérstökum undantekningartilvikum má réttlæta það að þú virtir ekki frestinn.

Dæmi: Þú hlaut alvarlega höfuðáverka við slysið og varst því ekki fær um að hafa samband við okkur.

e) Engar örorkubætur við andlát af slysförum á fyrsta ári

Látist hinn tryggði af völdum slyss innan árs frá slysinu stofnast ekki tilkall til örorkubóta.

Í því tilviki greiðum við dánarbætur samkvæmt A hluta, viðbótarþætti Dánarbætur, ef samið var um þann viðbótarþátt. Í tryggingarskírteini má sjá hvort samið var um dánarbætur.

(2) Tegund og upphæð bóta

a) Örorkubætur reiknaðar út

Örorkubæturnar færð þú sem eingreiðslu.

Grundvöllur við útreikning á bótum eru

- umsamin vátryggingarfjárhæð í tryggingarskírteini og
- örorkustig af völdum slyssins.

Dæmi: Ef vátryggingarfjárhæðin er 100.000 evrur og örorkustig af völdum slyssins nemur 20 prósentum greiðum við 20.000 evrur.

b) Ákvörðun örorkustigs, tímabil ákvörðunar

Örorkustig ræðst

- af útlimagjaldskrá (sjá mgr. aa), svo framarlega sem líkamshlutar eða skynfæri sem í hlut eiga eru þar tilgreind;
- að öðrum kosti af því að hve miklu leyti eðlilegt líkamlegt og andlegt atgervi (sjá mgr. bb) er varanlega skert.

Mestu ræður heilsufar eftir slysið eins og það reynist í síðasta lagi í lok þriðja árs frá slysi. Þetta gildir bæði um fyrstu sem og síðari ákvörðun örorku (sjá tölu. 6.2).

aa) Útlimagjaldskrár

Við missi eða algera óstarfhæfni eftirfarandi líkamshluta eða skynfæra gilda eingöngu þau örorkustig sem tilgreind eru hér á eftir:

Handleggur	70%
Handleggur upp fyrir olnboga	65%
Handleggur fyrir neðan olnboga	60%
Hönd	55%
Þumalfingur	20%
Vísifingur	10%
Annar fingur	5%
Fótleggur fyrir ofan mitt læri	70%
Fótleggur upp á mitt læri	60%
Fótleggur upp undir hné	50%
Fótleggur upp á miðjan legg	45%
Fótur	40%
Stóratá	5%
Önnur tá	2%
Auga	50%
Heyrn á öðru eyra	30%
Lyktarskyn	10%
Bragðskyn	5%

Við missi að hluta til eða skerta starfhæfni að hluta til gildir viðkomandi hluti tilgreinds örorkustigs.

Dæmi: Ef handleggur er algerlega óstarfhæfur leiðir það til 70 prósentu örorkustigs. Ef starfsemi er skert um einn tíunda leiðir það til 7 prósentu örorkustigs (= einn tíundi af 70 prósentum).

bb) Ákvörðun utan útlimagjaldskrár

Hvað aðra líkamshluta og önnur skynfæri áhræfir ræðst örorkustig af því hversu mikið eðlilegt líkamlegt og andlegt atgervi er varanlega skert samanlagt. Mælikvarðinn er meðalmaßur á sama aldri og af sama kyni.

Ákvörðunin ræðst alfarið af læknisfræðilegum sjónarmiðum.

c) Skerðing vegna fyrri örorku

Um fyrri örorku er að ræða ef viðkomandi líkamshlutar eða skynfæri voru varanlega skert fyrir slys. Hún ákvarðast samkvæmt mgr. b).

Örorkustig skerðist sem þessari fyrri örorku nemur.

Dæmi: Ef handleggur er algerlega óstarfhæfur nemur örorkustig 70 prósentum. Ef starfsemi handlegsins var fyrir slysið skert sem nemur einum tíunda, þá nemur fyrri örorka 7 prósentum (= einn tíundi af 70 prósentum). Þau 7 prósent fyrri örorku dragast frá. Eftir stendur örorkustig af völdum slyss sem nemur 63 prósentum.

d) Örorkustig við skerðingu fleiri líkamshluta eða skynfæra

Við slys geta fleiri líkamshlutar eða skynfæri skaddast. Þá verða örorkustigin sem fengust samkvæmt ofangreindum ákvæðum lögð saman.

Þó verða ekki tekin til greina meira en 100 prósent.

Dæmi: Við slys varð handleggur algerlega óstarfhæfur (70 prósent) og starfsemi fótlegs skertist um helming (35 prósent). Jafnvel þó svo að samanlögð örorkustig nemi 105 prósentum takmarkast örorka við 100 prósent.

e) Örorkubætur við andlát hins tryggða

Ef hinn tryggði andast fyrir ákvörðun örorku greiðum við örorkubætur að uppfylltum svofelldum skilyrðum:

- Hinn tryggði andaðist ekki af völdum slyssins innan fyrsta ársins frá slysi (sjá mgr. 1 e) eða andaðist, óháð því af hvaða völdum, meira en ári eftir slysið og
- önnur skilyrði örorkubóta samkvæmt 1. mgr. eru uppfyllt.

Við greiðum bætur samkvæmt því örorkustigi sem reikna hefði mátt með út frá læknisfræðilegum niðurstöðum.

(3) Stigvaxandi örorkuþrep 500

a) Forsendur

Með stigvaxandi örorkuþrepi 500 hækka örorkubætur frá og með örorkustigi sem nemur 25 prósentum (stigvöxtur).

Örorkustig er fundið samkvæmt mgr. 1 og 2 sem og samkvæmt tölul. 2.1.

b) Hæð bóta

Fyrir hvern prósentupunkt örorkustigs af völdum slyss, sem er umfram 25 prósent, greiðum við auk þess 2 prósent úr váttryggingarfjárhæðinni.

Fyrir hvern prósentupunkt örorkustigs af völdum slyss, sem er umfram 50 prósent, greiðum við auk þess til viðbótar 5 prósent úr váttryggingarfjárhæðinni.

Þetta hefur áhrif á hæð örorkubóta í einstökum atriðum sem hér segir:

Bætur af völdum slyss úr örorkustigi váttryggingarfjárhæðar		Bætur af völdum slyss úr örorkustigi váttryggingarfjárhæðar	
%	%	%	%
1	1	31	43
2	2	32	46
3	3	33	49
4	4	34	52
5	5	35	55
6	6	36	58
7	7	37	61
8	8	38	64
9	9	39	67
10	10	40	70
11	11	41	73
12	12	42	76
13	13	43	79
14	14	44	82
15	15	45	85
16	16	46	88
17	17	47	91
18	18	48	94
19	19	49	97
20	20	50	100
21	21	51	108
22	22	52	116
23	23	53	124
24	24	54	132
25	25	55	140
26	28	56	148
27	31	57	156
28	34	58	164
29	37	59	172
30	40	60	180

Bætur af völdum slyss úr örorkustigi váttryggingarfjárhæðar		Bætur af völdum slyss úr örorkustigi váttryggingarfjárhæðar	
%	%	%	%
61	188	81	348
62	196	82	356
63	204	83	364
64	212	84	372
65	220	85	380
66	228	86	388
67	236	87	396
68	244	88	404
69	252	89	412
70	260	90	420
71	268	91	428
72	276	92	436
73	284	93	444
74	292	94	452
75	300	95	460
76	308	96	468
77	316	97	476
78	324	98	484
79	332	99	492
80	340	100	500

Dæmi: Handleggur verður algerlega óstarfhæfur af völdum slyss og veldur hinum tryggða 70 prósentu örorku. Við váttryggingarfjárhæð sem nemur 100.000 evrum greiðum við örorkubætur að upphæð 260.000 evrum.

c) Hámarks örorkubætur frá og með örorkustigi sem nemur 50 prósentum (Viðbótavernd)

Ef samið var um Viðbótavernd (sjá tryggingarskráirni) gildir eftirfarandi: Frá og með örorkustigi af völdum slyss sem nemur 50 prósentum greiðum við einu sinni 500 prósent umsaminnar váttryggingarfjárhæðar komi til örorku samkvæmt Stigvaxandi örorkuprepi 500.

Dæmi: Fyrir hendi er örorkustig af völdum slyss sem nemur 70 prósentum. Ef samið var um váttryggingarfjárhæð að upphæð 100.000 evrum greiðum við 500.000 evrum.

1.3.2 Tafarlausar bætur ef um alvarlega áverka er að ræða

Ef um alvarlega áverka er að ræða bjóðum við þér samkvæmt eftirfarandi reglum skjóta fjárhagslega aðstoð, sem dregst frá síðari örorkubótum.

(1) Forsendur tafarlausra bóta

Hinn tryggði varð fyrir einhverjum af eftirtöldum alvarlegu áverkum af völdum slyss:

- Þverlömun eftir mænuskaða;
- aflimun að minnsta kosti annars fótars eða annarrar handar;
- höfuð-/heilaáverka (mar / heilahristingur (contusio cerebri) eða heilablæðing)
- brunaáverka annars eða þriðja stigs á að minnsta kosti 30 prósentum líkamisfyrirborðs;
- blindi eða veruleg sjónskerðing á báðum augum; við sjónskerðingu sjónskerpa ekki meiri en 1/20;
- margvislegir áverkar (polytrauma);
- áverkar sem valda vefjaskemmdum á tveimur innri líffærum.

Tilkall til tafarlausra bóta stofnast ekki ef hinn tryggði andast innan tveggja vikna af völdum slyss.

(2) Tegund og upphæð bóta

Við greiðum einar tafarlausar bætur sem nema 10 prósentum af umsaminni váttryggingarfjárhæð komi til örorku, í mesta lagi þó 25.000 evrum.

Ef um marga áverka er að ræða í skilningi 1. mgr. vegna sama slyss, greiðum við tafarlausar bætur eingöngu einu sinni.

Tafarlausu greiðslu drögum við frá hugsanlegum örorkubótum samkvæmt tölul. 1.3.1.

1.3.3 Bætur í neyðartilvikum

Ef hinn tryggði lendir í slysi greiðum við þær bætur sem lýst er hér á eftir.

(1) Eðli og umfang bóta

a) Aðstandendum gert viðvart

Við gerum aðstandendum hins tryggða viðvart ef óskað er. Ef um mjög alvarlega áverka hins tryggða er að ræða gerum við aðstandendum viðvart samkvæmt upplýsingum frá lækni eða hjúkrunarfólki.

b) Hentugt sjúkrahús tilgreint

Við tilgreinum næsta hentuga sjúkrahús til að meðhöndla áverka hins tryggða. Ef nauðsyn krefur höfum við sambandi við sjúkrahúsfólk og ræðum við hana um þann dvalarstað sem hinn tryggði óskaði eftir.

c) Aukaleg aðstoð ef slys verða á ferðalagi erlendis Ef hinn tryggði lendir í slysum á ferðalagi erlendis greiðum við auk þess eftirfarandi bætur.

aa) Skipulag Heimflutningur sjúklings af lækni- og heilbrigðisfræðilegri nauðsyn

Ef við staðfestum að um lækni- og heilbrigðisfræðilega nauðsyn sé að ræða skipuleggjum við heimflutningur sjúklings til sjúkrahúss í Þýskalandi. Að höfðu samráði við meðferðarlækni veljum við flutningstækið, tökum ákvörðun um hugsanlega fylgdarmenn og ákvörðun áfangastað og tíma heimflutnings.

bb) Túlkaþjónusta í sjúkrahúsi

Ef hinn tryggði er lagður inn til lækninga veitum við svofellda aðstoð:

- Við höfum samband við meðferðarlækni og gerum þar grein fyrir afleiðingum áverkanna,
- fyrirhugaðri meðferð og
- þeim bata sem vonast er eftir.

Við upplýsum hinn tryggða á móðurmáli hans.

cc) Upplýsingar um hjúkrunarflokka sjúkrahússins

Þegar hinn tryggði er lagður inn til lækninga upplýsum við um hjúkrunarflokka og kostnað þeirra.

dd) Persónuskilríki glatast

Glatist persónuskilríki eða ef tryggingar er krafist svo af heimferð geti orðið veitum við svofellda aðstoð:

- Við aðstoðum við útgáfu varaskilríkja,
- við framlagningu tryggingar og
- tilnefnum, eftir föngum, þýsku- eða enskumælandi lögmennt.

d) Aukalegar fjárgreiðslur

aa) Aukalegur nauðsynlegur heimferðar- eða dvalarkostnaður aðstandenda sem samferðarmenn

Við tökum að okkur aukalegan nauðsynlegan heimferðar- og/eða dvalarkostnað ólöggráða barna sem samferðarmanna og sambylismanns hins tryggða sem samferðarmanns.

Við tökum að okkur ferðakostnað fyrir

- lestarferðir á 2. farrými;
- flug á Economy-Class-farrými, ef lestarferð myndi vara lengur en í 10 klukkustundir;
- önnur opinber samgöngutæki.

bb) Kostnaður vegna ferðar og gistingar nákomins

Um dvöl hins tryggða á sjúkrahúsi í að minnsta kosti 10 sólarhringa gildir eftirfarandi: Við tökum að okkur kostnað

vegna ferða og gistingar eins manns sem er nákominn hinum tryggða

Við tökum að okkur ferðakostnað fyrir

- lestarferðir á 2. farrými;
- flug á Economy-Class-farrými, ef lestarferð myndi vara lengur en í 10 klukkustundir;
- önnur opinber samgöngutæki.

Við tökum að okkur gistikostnað að upphæð allt að 60 evrum fyrir hvern sólarhring innlagnar, þó í mesta lagi í 2 vikur.

e) Lyfjaráðgjöf vegna ferðalaga

Áður en haldið er í utanlandsferð fær hinn tryggði hjá okkur, ef óskað er, ábendingar lækni varðandi lyf og lækningavörur sem og upplýsingar um ráðlagðar bólusetningar í forvarnaskyni.

(2) Gildissvið bóta

Bætur í neyðartilvikum greiðum við um allan heim.

Undantekning:

Aukalega aðstoð í slysum á ferðalögum erlendis (sjá mgr. 1 c) greiðum við aðeins á ferðum utan Þýskalands. Bæturnar gilda ekki, ef hinn tryggði á lögheimili sitt eða varanlegan dvalarstað utan Þýskalands.

1.3.4 Kostnaður vegna leitar-, björgunar- eða hjálparstarfa

(1) Forsendur bóta

Eftir slysið varð hinn tryggði fyrir kostnaði vegna

- leitar-, björgunar- eða hjálparstarfa opinberra eða einkarekinna björgunarsveita;
- flutnings á sjúkrahús eða sérhæft sjúkrahús að fyrirmælum lækni;
- aukakostnaðar við heimkomu til lögheimilis, að svo miklu leyti sem rekja megi aukakostnaðinn til ákvörðunar lækni eða til þess að hann var óhjákvæmilegur samkvæmt eðli áverkanna eða
- flutnings til síðasta lögheimilis vegna andláts af slysförum.

Ígildi slyss er, ef slíkt var beinlínis yfirvofandi eða ef vænta mátti þess miðað við raunverulegar aðstæður.

Forsenda er auk þess að þriðja aðila (t.d. Sjúkratryggjanda, Ábyrgðartryggjanda) beri ekki skylda til að endurgreiða kostnað eða að hann þræti ekki fyrir bótaskyldu sína.

(2) Tegund og upphæð bóta

Við endurgreiðum sannanlegan kostnað, sem þriðju aðilar greiða ekki, samtals allt að þeirri váttryggingarfjárhæð sem um var samið samkvæmt tryggingarskírteini.

Ef margar slysatryggingar hins tryggða eru fyrir hendi hjá Allianz Versicherungs-AG, er aðeins hægt að fara fram á greiðslu kostnaðar úr einum þessara samninga.

1.3.5 Kostnaður vegna lýtaaðgerða

(1) Forsendur bóta

Hinn tryggði fór í lýtaaðgerð til að lagfæra útlitmeið sökum afleiðinga slyssins.

Tannviðgerðir og tannsmíðar sökum tannmissis eða tannskemmda teljast einnig lýtaaðgerðir í skilningi lækningar. Viðgerðir og endursmið á gervitönnum/gómum er ekki tryggt.

Lýtaaðgerðina

- gerir lækni eða tannlækni,
- að lækningameðferðinni lokinni, og
- áður en 5 ár eru liðin frá slysi.

Ef hinn tryggði er ólöggráða þegar slysið verður, má einnig framkvæma lýtaaðgerðina fram að loknu 25. aldursári.

Forsenda er auk þess að þriðja aðila (t.d. sjúkratryggjanda, ábyrgðartryggjanda) beri ekki skylda til að endurgreiða kostnað eða að hann þræti ekki fyrir bótaskyldu sína.

(2) Tegund og upphæð bóta

Við endurgreiðum sannanleg

- laun lækna eða tannlækna og annan aðgerðakostnað sem aðrir ekki greiða,
- nauðsynlegan dvalar- og fæðiskostnað á sjúkrahúsi sem og
- kostnaður vegna tannviðgerða og tannsmíða

samtals upp að umsaminni váttryggingarfjárhæð sem tilgreind er í tryggingarskírteininu.

Ef margar slysatryggingar hins tryggða eru fyrir hendi hjá Allianz Versicherungs-AG, er aðeins hægt að fara fram á greiðslu kostnaðar vegna lýtaaðgerða úr einum þessara samninga.

1.3.6 Stoðtæki

(1) Forsendur bóta

a) Örorka

Slys leiddi til örorku hins tryggða í skilningi tölul. 1.3.1.

b) Einstaklingsbundnar þarfir

Við finnum einstaklingsbundna þörf fyrir stoðtæki sem af slysinu hlaut út frá eðli og umfangi afleiðinga slyssins. Þá þörf greiðum við með þeim bótum sem tilgreindar eru í 2. mgr.

c) Engar bætur frá öðrum bótagreiðendum

Hinn tryggði fær eftirtaldir bætur því aðeins og að svo miklu leyti sem aðrir bótagreiðendur taka þær ekki á sig, einkum greiðendur almannatrygginga.

(2) Tegund og upphæð bóta

Við veitum ráðgjöf varðandi nauðsynleg stoðtæki (t.d. gervilimir, hjólastólar, gönguhjálpartæki) og miðlum þeim.

Við endurgreiðum sannanlegan kostnað sem aðrir taka ekki á sig vegna öflunar slíkra stoðtækja. Við endurgreiðum kostnað allt að samtals 10.000 evrur fyrir öll stoðtæki.

(3) Tímasteið bóta

Við greiðum bæturnar svo lengi sem þeirra er þörf samkvæmt 1. mgr. Þó greiðum við í hæsta lagi til loka þriðja árs frá slysdegi.

(4) Gildissvið bóta

Bætur okkar greiðum við eingöngu í Þýskalandi, óháð því hvar slysið átti sér stað.

1.3.7 Menntunar- og starfstengd ráðgjöf

(1) Forsendur bóta

a) Örorka

Slys leiddi til örorku hins tryggða í skilningi tölul. 1.3.1.

b) Einstaklingsbundnar þarfir

Við finnum einstaklingsbundna þörf fyrir ráðgjöf sem af slysinu hlaut út frá eðli og umfangi afleiðinga slyssins. Þá þörf greiðum við með þeim bótum sem tilgreindar eru í 2. mgr.

(2) Eðli og umfang bóta

Við veitum ráðgjöf varandi starfstengda eða menntunartengda enduraðlögun og endurmenntunaraðgerðir og miðlum slíku.

Börnum, unglingum og ungum fullorðnum í skólanámi veitum við ráðgjöf varðandi hentugar leiðir til mennta og hentuga skóla og miðlum slíku.

Við tökum ekki að okkur neinn kostnað sem af slíku leiðir.

(3) Tímaskeið bóta

Við greiðum bæturnar svo lengi sem þeirra er þörf samkvæmt 1. mgr. Þó greiðum við í hæsta lagi til loka þriðja árs frá slysdegi.

(4) Gildissvið bóta

Bætur okkar greiðum við eingöngu í Þýskalandi, óháð því hvar slysið átti sér stað.

1.3.8 Ráðgjöf vegna umbreytinga (húsnæði og hreyfifærni)

(1) Forsendur bóta

a) Örorka

Slys leiddi til örorku hins tryggða í skilningi tölul. 1.3.1.

b) Einstaklingsbundnar þarfir

Við finnum einstaklingsbundna þörf fyrir ráðgjöf sem af slysinu hlaust út frá eðli og umfangi afleiðinga slyssins. Þá þörf greiðum við með þeim bótum sem tilgreindar eru í 2. mgr.

(2) Eðli og umfang bóta

Við veitum ráðgjöf varðandi nauðsynlegar breytingar varðandi sviðin „húsnæði“ og „vélknúð ökutækis/hreyfifærni“.

Við tökum ekki að okkur neinn kostnað sem af slíku leiðir.

(3) Tímaskeið bóta

Við greiðum bæturnar svo lengi sem þeirra er þörf samkvæmt 1. mgr. Þó greiðum við í hæsta lagi til loka þriðja árs frá slysdegi.

(4) Gildissvið bóta

Bætur okkar greiðum við eingöngu í Þýskalandi, óháð því hvar slysið átti sér stað.

1.3.9 Fjölskylduvernd

Nýir makar eða börn hins tryggða eru samtryggð í takmarkaðan tíma.

(1) Forsendur bóta og tímaskeið fjölskylduverndar

Við hjónavígslu eða fæðingu eða ættleiðingu ólögráða barns gildir tryggingarvernd samkvæmt þessum samningi.

Fjölskylduvernd gildir í þrjá mánuði frá hjónavígslu eða fæðingu eða ættleiðingu.

Ef okkur er greint frá hjónavígslu eða fæðingu eða ættleiðingu þessari á þessu þriggja mánaða tímabili gildir eftirfarandi: Tryggingarverndin framlengist um frekari 9 mánuði upp í samtals 12 mánuði.

Ef margar slysatryggingar hins tryggða eru fyrir hendi hjá Allianz Versicherungs-AG, er aðeins hægt að fara fram á fjölskylduvernd úr einum þessara samninga.

(2) Tegund og upphæð bóta

Um fjölskylduvernd gilda eftirfarandi bætur og vátryggingarfjárhæðir.

a) Örorkubætur

Í örorkutilviki (sjá tölul. 1.3.1) er vátryggingarfjárhæð allt að 60.000 evrum tryggð.

Bæturnar reiknast út frá örorkustigi af völdum slyssins. Ákvæði varðandi stigvaxandi örorkuþrep frá tilteknum örorkuþrepum (sjá tölul. 1.3.1, 3. mgr.) gilda ekki hér.

b) Dánarbætur

Við andlát er tryggð vátryggingarfjárhæð

- fyrir maka að upphæð 12.000 evrur,
- fyrir börn að upphæð 6.000 evrur

að eftirfarandi forsendum gefnum:

- Hinn tryggði andast af völdum slyssins innan eins árs frá slysinu.
- Þar gildir tilkynningarfresturinn innan 48 klukkustunda frá slysi (sjá tölul. 3.1, 5. mgr.).

1.3.10 Iðgjaldsundanþága vegna ólögráða barna við andlát tryggingartaka

Eftir andlát þitt heldur slysatryggingin áfram iðgjaldsfrí vegna ólögráða barna að eftirfarandi forsendum gefnum:

(1) Forsendur bóta

Þú, sem tryggingartaki

- hefur tryggt barn,
- andast fyrir lok þess tryggingarárs þar sem hið tryggða barn verður fullra 18 ára,
- andast fyrir lok 75. æviárs,
- hefur enn ekki sagt samningnum upp á þeim tímupunkti og
- samningurinn hefur á þeim tímupunkti verið í gildi í að minnsta kosti eitt ár. Ársfrestur þessi gildir ekki ef andlátid ber að höndum eftir upphaf samnings vegna slyss í skilningi þessa samnings.

(2) Tegund og upphæð bóta

Við undanþágu frá greiðslu iðgjalds veitum við eftirfarandi:

- Slysatryggingin heldur áfram með sama hætti og hingað til,
- iðgjaldsgreiðslu lýkur frá og með næsta gjalddaga iðgjalds eftir andlátsdag
- tryggingarvernd er fyrir hendi til loka þess tryggingarárs þar sem hið tryggða barn verður fullra 18 ára.

Auk þess gildir eftirfarandi:

- Ef samið var um viðbótarþáttinn Dynamik fellur hann niður (sjá A hluta, viðbótarþáttinn Dynamik, tölul. 2, mgr. 2). Í tryggingarskírteini má sjá hvort samið var um viðbótarþáttinn Dynamik.
- Tryggingartaki verður eftirlifandi maki fyrri tryggingartaka, nema þú hafir samið við okkur um aðrar ráðstafanir.

1.4 Hvaða kostnað þjónustuaðila tökum við á okkur og hver er réttarstaðan?

Við getum falið þjónustuaðilum með tilskilin réttindi að annast aðstoðar- og ráðgjafþjónustu okkar.

Við það stofnast ekkert samningsbundið samband milli þín eða hins tryggða og þeirra þjónustuaðila sem við felum að annast verkið.

Við tökum ekki á okkur neinn kostnað vegna þjónustu sem við aðeins skipuleggjum. Á sama hátt tökum við ekki á okkur neinn kostnað vegna þjónustu sem þú eða hinn tryggði felið sjálf þjónustuaðilum okkar eða þriðju aðilum að annast. Við það stofnast samningsbundið samband milli þín eða hins tryggða og þjónustuaðilanna sem falið var að annast verkið.

2. Útilokanir frá bóttum og takmarkanir bóta

2.1 Hvað gerist ef afleiðingar slyss og sjúkdómar eða heilsubrestur fara saman?

(1) Sjúkdómar og heilsubrestur

Við greiðum eingöngu bætur vegna afleiðinga slyss. Þetta eru heilsutjón og afleiðingar þeirra sem hlutust af slysinu.

Við greiðum ekki bætur vegna sjúkdóma eða heilsubrests.

Dæmi: Sjúkdómar eru til dæmis sykursýki eða liðsjúkdómar, heilsubrestir eru t.d. röng staða hryggjar, meðfæddar stuttar sínar.

(2) Áhrif sjúkdóma og heilsubrests við örorku

Ef afleiðingar slyss og sjúkdómar eða heilsubrestur fara saman gildir eftirfarandi:

a) Skerðing prósentuhluta örorkustigs

Prósentuhluti örorkustigs skerðist í samræmi við aðild sjúkdóma eða heilsubrests í heilsutjóni eða afleiðingum þess (áhrifaþáttur).

Dæmi: Eftir slys á fæti verður til örorkustig sem nemur 10 prósentum. Þar nam hlutdeild gigtarsjúkdóms 60 prósentum. Slysatengt örorkustig nemur því 4 prósentum.

b) Engin skerðing ef áhrifaþátturinn nemur minna en 50 prósentum

Ef áhrifaþátturinn nemur minna en 50 prósentum beitum við ekki skerðingu.

Dæmi: Eftir slys á fæti verður til örorkustig sem nemur 10 prósentum. Þar nam hlutdeild gigtarsjúkdóms 40 prósentum. Ekki kemur til skerðingar vegna hlutdeildar.

c) Hlutdeild við lærleggshálsbrot

Við lærleggshálsbrot kemur ekki til skerðingar ef sjúkdómar eða heilsubrestur áttu hlut í brotinu (slysatilvik). Ef hins vegar sjúkdómar eða heilsubrestur áttu hlut í afleiðingum lærleggshálsbrots skerðist prósentuhluti örorkustigs samkvæmt mgr. a) og b).

2.2 Hvað er ekki tryggt?

(1) Útilokað slys

Tryggingarvernd gildir ekki um eftirtalin slys:

a) Slys hins tryggða vegna meðvitundartruflana, svo framarlega sem þær eru

- af völdum áfengis, og ef slysið átti sér stað við akstur vélknúins ökutækis þar sem styrkur áfengis í blóði nam að minnsta kosti 1,1 prómilli eða
- eftir neyslu annarra lyfja eða vímuegja.

Um meðvitundartruflun er að ræða ef skynjunar- og viðbragðsfærni hins tryggða er það skert, að hún ris ekki undir þeim kröfum sem af raunverulegri hættu stafar.

Dæmi: Hinn tryggði

- vegur salt á handriði og hrapar sökum lyfjaneyslu;
- ekur ökutæki útaf undir áhrifum áfengis svo nemi 1,4 prómillum

b) Slys sem hinn tryggði verður fyrir vegna þess að hann framdi eða reyndi að fremja refsiverðan verknað af ásettu ráði.

c) Slys sem hljótast beint eða óbeint af stríðs- eða borgarastríðsátökum.

Undantekning:

Hinn tryggði lendir á ferðalögum erlendis óvænt í styrjaldar- eða borgarastríðsátökum.

Í því tilviki gildir útilokunin ekki.

Tryggingarverndin fellur þá niður í lok sjöunda dags frá upphafi styrjaldar eða borgarastríðs á landssvæði þess ríkis sem hinn tryggði dvelur í.

Undantekningin gildir ekki

- Viðbótin gildir ekki um ferðir í eða um ríki þar sem þegar geisar styrjöld eða borgarastríð;
- um virka þátttöku í styrjöld eða borgarastríði;
- um slys af völdum kjarna-, líffræðilegra- eða efnavopna. Í þeim tilvikum gildir útilokunin.

d) Slys hins tryggða

- sem stjórnandi loftfars eða flugþróttatækis, að svo miklu leyti sem hann þarf til þess leyfi samkvæmt þýskum lögum; dæmi: Flugmaður, flugvængs- eða svífðrekaflugmaður
- sem annar í áhöfn loftfars; dæmi: Loftskeytamaður, vélamaður, flugþjónn
- við störf sem vinna þarf með hjálp loftfars. Dæmi: Loftmyndataka, meindýraeiturúðun

e) Slys hins tryggða við þátttöku í kappakstri vélknúinna ökutækja.

Þátttakandi er sérhver ökumaður, aðstoðarökumaður eða farþegi vélknúins ökutækis.

Kappakstur eru aksturskeppnir eða æfingaakstur í þessu skyni, þar sem keppt er að því að ná sem mestum hraða.

Undantekning:

- Slys hins tryggða við virka þátttöku í heimiludum kappakstri vélknúinna ökutækja, svo framarlega sem slíkt krefst ekki sérstaks skirteinis. Dæmi: Akstur leigu-gókart-bíla á innanhúss-gókartbraut er tryggður.
- Nær einnig til slysa hins tryggða á mynstur-, áreiðanleika-, rat- og loftbelgjaeltingaferðum, þar sem einungis er miðað að því að halda meðalhraða.

Í slíkum tilvikum gildir útilokunin ekki.

f) Slys sem hljótast beint eða óbeint af kjarnorku.

(2) Útilokað heilsutjón

Tryggingarvernd er heldur ekki fyrir hendi við eftirfarandi heilsutjón:

a) Áverka á hryggþófa sem og við innvortis blæðingar og heilablæðingar.

Undantekning:

- Slysatilvik samkvæmt tölulíð 1.1, 3. mgr. olli þessu heilsutjóni fyrst og fremst (það er að segja svo nemi meira en 50 prósentum) og
- tryggingarvernd gildir um þetta slysatilvik samkvæmt samningnum.

Í því tilviki gildir útilokunin ekki.

b) Heilsutjón vegna geisla.

Undantekning:

Hinn tryggði hlýtur heilsutjón við atvinnustörf eða sjálfbóðaliðastarf samkvæmt tölul. 1.1, mgr. 5.1).

Í því tilviki gildir útilokunin ekki.

c) Heilsutjón af völdum lækniáðgerða eða inngripa í líkama hins tryggða.

Læknisaðgerðir eða inngríp teljast einnig geislagreiningar og geislalækningaaðgerðir.

Undantekning:

- Læknisaðgerðirnar eða inngrípin voru afleiðing slyss og
- tryggingarvernd gildir um þetta slys samkvæmt samningnum. Í því tilviki gildir útilokunin ekki.

Dæmi: Hinn tryggði verður fyrir slysi og felur lækni að meðhöndla meiðslin. Röng meðferð leiðir síðan til frekara heilsutjóns.

d) Sýkingar.

Undantekning

Hinn tryggði sýkst af

- hundaæði eða stífkrampa;
- öðrum sóttkveikjum sem bárust inn í líkamann; ekki aðeins vegna smávægilegra áverka af völdum slyssins. Smávægilegir eru áverkar af völdum slyss sem ekki þarfnast læknismeðferðar, ef ekki kom til sýkingar og afleiðinga hennar.
- læknisaðgerðum eða inngrípum sem njóta tryggingarverndar samkvæmt mgr. c), en slíkt telst til undantekninga;
- af völdum blóðmaursbits samkvæmt tölul. 1.1, 4. mgr.;
- við atvinnustörf eða sjálfboðaliðastarf samkvæmt tölul. 1.1, mgr. 5 b).

Í slíkum tilvikum gildir útilokunin ekki.

e) matareitrunum.

f) Sjúklegar truflanir sem afleiðing sálrænna viðbragða; einnig ef þau orsakast af slysi.

Dæmi:

- Áfallastreituröskun eftir fótbrot eða umferðarslys
- Óttaástand þolanda refsiverðs athæfis

Undantekning:

Þegar slysatilvik, sem fellur undir samninginn, leiddi til heilatengds áverka sem er meginorsök sálrænu truflunarinnar. Í því tilviki gildir útilokunin ekki.

Dæmi: Alvarlegur höfuðkúpu-heila-áverki leiðir til verulegra truflana á einbeitingu.

3. Skuldbindingar þínar

3.1 Hvað ber að hafa í huga eftir slys (skuldbindingar)?

Reglur um fresti og aðrar forsendur einstakra bóta er að finna í tölul. 1.3.

Hér á eftir lýsum við því sem gera ber (skuldbindingar). Þú, eða hinn tryggði, þurfið að hafa þetta í huga eftir slys, því án aðstoðar ykkar getum við ekki greitt bæturnar.

(1) Leitað læknis

Eftir slys, sem fyrirsjáanlega leiðir til bótagreiðslu, þarft þú, eða hinn tryggði, að

- leita læknis tafarlaust,
- fara að fyrirmælum hans og
- gera okkur viðvart.

(2) Upplýsingar um tryggingartilvik

Allar upplýsingar sem við óskum eftir hjá þér eða hinum tryggða þarf að veita sannleikanum samkvæmt, tæmandi og tafarlaust.

(3) Læknisskoðun

Við ráðfærum okkur við lækna ef slíkt reynist nauðsynlegt við mat á bótaskyldu okkar. Hinn tryggði verður að láta þá lækna skoða sig.

Við berum nauðsynlegan kostnað og vinnutap sem af rannsókninni hlýst.

(4) Upplýsingar frá læknum

Við mat á bótaskyldu okkar þurfum við hugsanlega upplýsingar frá læknum sem meðhöndlað hafa eða skoðað hinn tryggða fyrir eða eftir slysið;

- öðrum tryggjendum, váttryggjendum og yfirvöldum.

Þú eða hinn tryggði þurfið að gera okkur það kleift að afla nauðsynlegra upplýsinga.

Til að svo megi verða getur hinn tryggði heimilað læknum og umræddum aðilum að veita okkur upplýsingarnar milliliðalaust. Að öðrum kosti getur hinn tryggði aflað upplýsinganna sjálfur og fært okkur þær.

(5) Tilkynning um andlát af slysförum

Ef hinn tryggði andast af slysförum skal tilkynna okkur það innan 48 klukkustunda.

Ef nauðsynlegt reynist við mat á bótaskyldu okkar gildir eftirfarandi: Veita ber okkur rétt til þess að láta - lækni í umboði okkar - framkvæma krufningu.

(6) Upplýsingar um heilsufar

Til að við getum veitt ráðgjöf okkar og aðstoð þörfumst við upplýsinga um heilsufar hins tryggða á hverjum tíma.

Þú þarft, eða hinn tryggði, að veita okkur þessar upplýsingar að því marki sem slíkt er nauðsynlegt til að leggja mat á tryggingartilvikni eða umfang bótaskyldu okkar.

Meðan á bótagreiðslum stendur þarft þú, eða hinn tryggði, að tilkynna okkur tafarlaust um breytingar á heilsufari.

(7) Upplýsingar um bætur og bótasamþykki þriðju aðila

Varðandi ráðgjöf okkar og aðstoð er mikilvægt að stilla slíkt af miðað við aðgerðir annarra, einkum aðgerðir lögboðinna almennatrygginga. Þess vegna þarft þú, eða hinn tryggði, að veita okkur upplýsingar um eðli og umfang þessara bóta og færa okkur viðkomandi sannanir ef um er beðið.

3.2 Hvaða réttaráhrif hefur það að standa ekki við skuldbindingar?

Ef þú stendur ekki við skuldbindingu getur slíkt leitt til þess að við séum ekki eða einungis að hluta til bótaskyld. Í einstökum atriðum gildir:

- Ef þú stendur vísitandi ekki við skuldbindingu erum við ekki bótaskyld.
- Ef þú stendur ekki við skuldbindingu af vítaverðu gáleysi er okkur heimilt að skerða tryggingarbæturnar. Skerðingin tekur mið af alvarleika sakarefnisins. Hún getur eftir atvikum leitt til þess að kröfur ógildist að fullu. Ef þú sannar að ekki sé um vítavert gáleysi að ræða skerðast bæturnar ekki.

Eins ef um ásetning og vítavert gáleysi er að ræða ber okkur að greiða bætur ef þú sannar fyrir okkur að brotið gegn skuldbindingu

- hafa hvorki áhrif á tilkomu eða staðfestingu tryggingartilviksins
- né fyrir staðfestingu eða umfang bótaskyldu okkar.

Þetta á ekki við ef brotið var gegn skuldbindingunni með sviksamlegum hætti.

4. Aðlögun iðgjalds ef tjónskrófur breytast

Hvenær getum við aðlagð iðgjaldið ef tjónskrófur breytast?

(1) Aðlögun iðgjalds ef tjónskrófur breytast

Við getum aðlagð iðgjaldið samkvæmt eftirfarandi ákvæðum ef tjónskrófur breytast.

(2) Árlegt endurmat á tjónskrófum

Við endurmetum einu sinni á almanaksári hvort tjónskrófur hafi breyst (endurútreikningur).

Endurútreikningur gerist samkvæmt viðurkenndum grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar og tryggingatækni. Við beitum því verklagi sem hér segir:

Við mat á tjónskrófum tökum við saman þá samninga þar sem vænta má sams konar breytingum á áhættu samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar. Endurútreikningur tekur mið af þróun tjóna í fortíðinni sem og af fyrirsjáanlegri þróun tjóna til loka næsta almanaksárs eftir að endurútreikningur fór fram.

Við mat okkar berum við saman tjónskrófur á hverjum tíma við þær tjónskrófur sem lágu til grundvallar við síðustu ákvörðun iðgjalds og finnum þannig breytingarstuðul.

Hafi verið tekið tillit til afsláttar í iðgjaldinu verður ekki tekið tillit til þess afsláttar við mat á tjónskrófum.

Ef á tryggingarárinu var bæði tekið tillit til aðlögunar iðgjalds samkvæmt lokum 18. æviárs eða frá 55. æviári, sem og við breyting á starfi (tölul. 5) gildir: Við reiknum eingöngu út breytingar á tjónskrófum sem ekki hefur þegar verið tekið tillit til samkvæmt tölul. 5.

(3) Heimild til hækkunar iðgjalds; skylda til lækkunar iðgjalds

Við hækkun tjónskrófu er okkur heimilt að hækka iðgjaldið sem nemur þeim breytingarstuðli sem út kom. Við lækkun tjónskrófu er okkur skylt að lækka iðgjaldið sem nemur þeim breytingarstuðli sem út kom.

(4) Óháður umsjónaraðili endurmetur aðlögun

Forsenda fyrir aðlögun iðgjalds er að óháður umsjónaraðili endurmeti þau tölfræðigögn sem liggja til grundvallar aðlöguninni, samkvæmt viðurkenndum grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar, og að hann staðfesti að útreikningurinn sé rétt unninn.

(5) Gildistaka iðgjaldsaðlögunar

Aðlögun iðgjalds gildir frá byrjun tryggingarársins sem kemur næst á eftir því þegar ákvörðun var tekin, þó í fyrsta lagi einum mánuði eftir tilkynningu um aðlögun.

(6) Aðlögun iðgjalds fer ekki fram

Iðgjald verður ekki aðlagð ef breytingarstuðull frá síðustu aðlögun er lægri en 3 prósent.

Aðlögun fer heldur ekki fram ef ekki eru enn liðnir 12 mánuðir frá því upphafi tryggingar sem tilgreint er í tryggingarskírteini.

(7) Réttur þinn til uppsagnar við iðgjaldshækkun

Ef iðgjald hækkar vegna endurútreiknings getur þú sagt tryggingarsamningnum upp innan eins mánaðar frá móttöku tilkynningar okkar þar að lútandi. Uppsógnin tekur gildi þegar við höfum móttekið uppsagnaryfirlýsinguna, þó í fyrsta lagi á þeim tíma þegar iðgjaldshækkun okkar átti að taka gildi. Í tilkynningunni um iðgjaldshækkun bendum við þér á lögboðinn uppsagnarrétt.

5. Aðlögun tryggingarverndar við lok 18. eða 55. æviárs og við breytingu á starfi

5.1 Hvað þarf að hafa í huga við lok 18. aldursárs?

(1) Breytt yfir í gjaldskrá fullorðinna

Við lok þess tryggingarárs þegar barnið verður fullra 18 ára gildir eftirfarandi: Við breytum tryggingunni yfir í viðkomandi gjaldskrá fullorðinna.

Þá getur þú valið um eftirfarandi kosti:

- Þú greiðir sama iðgjald og áður og við lækkum váttryggingarfjárhæðirnar að sama skapi eða
- Þú heldur váttryggingarfjárhæðunum óbreyttum og við hækkum iðgjaldið að sama skapi.

(2) Valkostir

Við upplýsum þig tímanlega um valkostina. Hafir þú enn ekki valið neitt í síðasta lagi innan 2 mánaða frá upphafi nýs tryggingarárs höldum við samningnum áfram með skertum váttryggingarfjárhæðum.

5.2 Hvað þarf að hafa í huga við lok 55. aldursárs?

Við lok þess tryggingarárs þegar hinn tryggði verður fullra 55 ára höldum við samningnum áfram með eftirfarandi frávikum. Að öðru leyti haldast umsamdar bætur óbreyttar.

(1) Árleg hækkun iðgjalds

Iðgjald hækkar árlega um 5 prósent án þess að váttryggingarfjárhæðirnar breytist. Að loknu tryggingarárinu þegar hinn tryggði verður fullra 75 ára lýkur þessari árlegu hækkun.

(2) Viðbótarþátturinn Dynamik fellur niður (ef um hann var samið)

Ef samið var um viðbótarþáttinn Dynamik fellur hann niður (sjá A hluta, viðbótarþáttinn Dynamik, tölul. 2, mgr. 1).

(3) Reglur varðandi breytingu á starfi

Reglur varðandi breytingu á starfi samkvæmt tölul. 5.3 haldast óbreyttar.

(4) Gildistaka breytinga

Breytingar samkvæmt mgr. 1 til 3 gilda frá og með eftirfarandi tímamarki:

- Frá upphafi þess tryggingarárs sem kemur á eftir því tryggingarárs þegar hinn tryggði verður fullra 55 ára;
- Þó í fyrsta lagi einum mánuði eftir tilkynningu um breytingarnar.

(5) Upplýsingar um breytingarnar

Við upplýsum þig tímanlega um breytingarnar samkvæmt mgr. 1 til 3 og nýju iðgjöldin.

(6) Réttur þinn til uppsagnar við iðgjaldshækkun

Ef iðgjald hækkar getur þú sagt samningnum upp innan eins mánaðar frá móttöku tilkynningar okkar þar að lútandi. Uppsógn þín tekur gildi þegar við höfum móttekið uppsagnaryfirlýsinguna, þó í fyrsta lagi á þeim tíma þegar iðgjaldshækkun okkar átti að taka gildi.

5.3 Hvað þarf að hafa í huga við breytingu á starfi?

Hæð iðgjalds ræðst fyrst og fremst af starfi hins tryggða. Allt eftir starfi er það flokkað í starfshóp A eða B. Starfshópalistann sem gildir um samninginn er að finna í viðauka við þessa tryggingarskilmála. Um tiltekin störf gilda fráviksreglur.

Þær er einnig að finna í viðauka við þessa tryggingarskilmála.

(1) Tilkynning um breytingu

Þú þarft að tilkynna okkur tafarlaust um breytingu á starfi hins tryggða. Sjálfviljug herþjónusta, hernaðarlegar varaliðsæfingar og tímabundin sjálfböðavinna við samfélagsþjónustu (t.d. sjálfböðavinna í þágu Sambandslýðveldisins, Bundesfreiwilligendienst) falla ekki undir þetta.

(2) Áhrif breytingarinnar

Ef niðurstaða útreikninga vegna nýja starfsins að óbreyttu iðgjaldi samkvæmt umsaminni gjaldskrá leiðir til nægri váttryggingarfjárhæða hefur slíkt eftirfarandi áhrif: Lægri váttryggingarfjárhæðirnar gilda að 2 mánuðum liðnum frá breytingu.

Ef niðurstaða útreikninga leiði hins vegar til hærri váttryggingarfjárhæða gilda þær um leið og tilkynning þín berst okkur, þó í síðasta lagi að einum mánuði liðnum frá breytingu.

Einnig nýju váttryggingarfjárhæðirnar gilda um slys við störf og utan starfa.

Að þinni ósk höldum við samningnum einnig áfram með fyrri váttryggingarfjárhæðum með hækkun eða lækkun iðgjaldi, um leið og okkur berst yfirlýsing þín.

6. Gjaldþagi bótagreiðslna og endurmat örorkustigs

6.1 Hvenær gjaldþaga bætur okkar?

Við greiðum bætur okkar eftir að nauðsynlegri gagnaöflun vegna mats á tryggingartilvikum og umfangi bótaskyldu okkar er lokið. Um það gildir eftirfarandi:

(1) Yfirlýsing varðandi bótaskyldu

Við erum skuldbundin til að lýsa því yfir innan eins mánaðar á textaformi (til dæmis í bréfi, símbréfi, tölvupósti) hvort og í hvaða mæli við viðurkennum bótaskyldu okkar. Við bótaskyldu á grundvelli örorku nemur fresturinn 3 mánuðum.

Fresturinn hefst um leið og okkur berast eftirfarandi gögn:

- staðfesting á atburðarás og afleiðingum slyssins;
- þegar um bótaskyldu á grundvelli örorku er að ræða þarf auk þess staðfestingu á því að batameðferð sé lokið, að svo miklu leyti sem slíkt er nauðsynlegt til að meta örorkustig.

Hafið þá einnig hugfastar reglur um það sem gera ber samkvæmt tölu. 3.1.

Við tökum að okkur þóknunir lækna sem þú þarft að standa straum af til að rökstyðja bótaskyldu,

- við örorkubætur upp að 1 prómilli af váttryggðri heildarupphæð;
- við kostnað vegna lýtaaðgerða sem og vegna leitar- og björgunaraðgerða allt að 1 prósentu af váttryggðri heildarupphæð hverju sinni.

Annan kostnað tökum við ekki að okkur.

(2) Gjaldþagi bóta

Ef við samþykkjum kröfuna eða ef við höfum náð samkomulagi um grundvöll og upphæð, greiðum við bætur innan 2 vikna.

(3) Fyrirframgreiðslur

Ef bótaskyldan er í fyrstu fyrir hendi í eðli sínu greiðum við - ef þú óskar þess - ásættanlega fyrirframgreiðslu.

Dæmi: Fyrir liggur að þú færð örorkubætur frá okkur. Reyndar er enn ekki hægt að ákvarða upphæð bóta.

Áður en batameðferð er lokið er ekki hægt að fara fram á örorkubætur innan eins árs frá slysi nema sem nemur allt að einum dánarbótum.

6.2 Hvenær má meta örorku að nýju?

Eftir mat á örorkustigi getur heilsufar breyst.

Þér og okkur er heimilt að láta lækni endurmeta örorkustig árlega.

Þennan rétt eigum við og þú í mesta lagi í allt að 3 ár frá slysi. Hjá börnum til loka 14. aldursárs lengist fresturinn úr 3 árum í 5 ár.

Ef við óskum eftir endurmati greinum við þér frá því um leið og við tilkynnum þér um bótaskyldu okkar.

Ef þú óskar eftir endurmati þarft þú að tilkynna okkur um það áður en fresturinn rennur út.

Leiði endanlegt mat til hærri örorkubóta en við höfum þegar greitt skal umframupphæðin ávöxtuð með 5 prósentum á ári.

7. Frekari ákvæði

Hver er réttarstaða samningsaðila sín á milli?

(1) Tryggður er þriðji aðili, t.d. fjölskyldumeðlimur (trygging annars aðila)

Eingöngu þú, sem tryggingartaki, átt heimtingu á réttindum úr samningnum. Þetta á einnig við ef þú, sem tryggingartaki, samdir um tryggingu vegna slysa sem annar verður fyrir (trygging annars aðila).

Við greiðum þér einnig bætur úr tryggingarsamningnum ef annar tryggður aðili en þú verður fyrir slysinu.

Auk hins tryggða berð þú ábyrgð á að staðið verði við skuldbindingarnar.

(2) Löglegur arftaki og aðrir sem leggja fram kröfur

Öllum ákvæðum sem gilda um þig skal beita á sama hátt gagnvart löglegum arftaka og öðrum sem leggja fram kröfur.

(3) Framsal og veðsetning krafna

Hvorki er hægt að framselja né veðsetja kröfur úr tryggingarsamningnum fyrir gjaldþaga án samþykkis okkar.

(4) Viðtökuréttur

Veiting og afturköllun viðtökuréttar eru því aðeins gildar gagnvart okkur að þú hafir tilkynnt okkur um þá ráðstöfun þína

- skriflega
- á meðan hinn tryggði var á lífi.

Sem dæmi nægja tölvupóstur, bréf eða símbréf sem skriflegt form, svo framarlega sem sendanda er þar skilmerkilega greinanlegur.

Viðbótarþáttur Tekjulífeyrir

Um þennan viðbótarþátt gilda reglur A hluta, Slysáttrygging, sem og B og C hluta, svo framfarlega sem ekki hafa verið gerðar neinar fráviksreglur hér á eftir.

1. Forsendur bótagreiðslna og umfang bóta

1.1 Forsendur bóta

Örorkustig af völdum slyss nemur að minnsta kosti 50 prósentum.

Um

- forsendur og
- mat á

örorku gilda ákvæði um örorkubætur A hluta, Slysáttrygging, tölul. 1.3.1, 1. mgr. og 2. mgr. b) til d).

Andist hinn tryggði fyrir mat á örorku gildir tölul. 1.3.1, mgr. 2 e).

1.2 Tegund og upphæð bóta

Við greiðum slysalífeyri mánaðarlega sem nemur þeirri váttryggingarfjárhæð sem um samdist í tryggingarskírteini.

Ef um slíkt var samið (sjá tryggingarskírteini) gildir: Við slys fyrir lok 27. aldursárs gildir tvöföld váttryggingarfjárhæð.

1.3 Upphaf, lengd og lok bóta

(1) Upphaf bóta

Við greiðum slysalífeyri

- afturvirkir frá byrjun þess mánaðar þegar slysið átti sér stað, og síðan
- mánaðarlega fyrirfram.

(2) Upphaf og lok bóta

Við greiðum slysalífeyri

- til loka sjötta mánaðar eftir andlát hins tryggða eða
- til loka þess mánaðar þar sem við greinum þér frá því að vegna endurmats samkvæmt A hluta Slysáttryggingar, tölul. 6.2, sé örorkustig sem afleiðing slyss komið undir 50 prósent.

Við eigum rétt á að krefjast lífsvottorðs þegar forsendur lífeyrisgreiðslna eru sannprófaðar. Ef þú sendir okkur ekki vottorðið tafarlaust fer lífeyrisgreiðslan á bið frá og með næsta gjalddaga.

1.4 Hagnaðarhlutdeild við reglubundnar lífeyrisgreiðslur

(1) Uppruni hagnaðarhlutdeilda

Til að tryggja greiðslu lífeyris myndum við bótasjóð sem tryggður er með tryggingareign. Ef ávöxtun höfuðstóls þessarar tryggingareignar er hærri en 4 prósent öðlast lífeyrisþegar hlutdeild í þeim vaxtahagnaði sem er umfram það.

(2) Tegund hagnaðarhlutdeilda

Hlutdeild í hagnaði gerist við það að kröfur um reglubundinn lífeyri hækka. Hækkaða lífeyriskrafan er tryggð í viðkomandi mæli hverju sinni. Hækkunin gerist í fyrsta lagi þegar lífeyrir hefur verið þeginn í að minnsta kosti eitt ár.

(3) Hæð hagnaðarhlutdeilda

Við sannreynum árlega hvort hagnaður rekstrarársins og fyrirbyggjandi eignir í varasjóði vegna endurgreiðslu iðgjalda réttlæti hækkun reglubundinna lífeyriskrafna. Stjórnin tekur árlega ákvörðun um það hvort, og hversu mikið reglubundnar lífeyriskröfur hækki, að fengnum tillögum ábyrgs tryggingafræðings, og er hún birt í ársskýrslu.

Komi til hækkunar greiðum við hækkaða lífeyrinn frá 1. janúar rekstrarársins sem kemur á eftir sannprófuninni. Við tilkynnum þér um hækkuðu lífeyriskröfuna.

(4) Rekstrarafkoma

Við ráðstöfum að minnsta kosti 70 prósentum þeirra vaxtatekna sem falla til sem varasjóður til lífeyrisgreiðslna - að frádregnum þeim hluta sem til þarf vegna lífeyrisgreiðslna sem þegar hefur verið ráðstafað á grundvelli reiknivaxtanna. Vaxtatekjur, sem ráðstafað er sem hlutdeild lífeyrisþega í hagnaði, setjum við í varasjóð vegna endurgreiðslu iðgjalda, eða færum þær einstökum lífeyrisþegum til tekna með því að hækka lífeyriskröfurnar. Upphæðirnar sem við setjum í varasjóð vegna endurgreiðslu iðgjalda megum við í eðli sínu eingöngu nota til hlutdeilda lífeyrisþega í hagnaði.

2. Þegar saman fara afleiðingar slyss og sjúkdómar eða heilsubrestur

Hvað gerist ef afleiðingar slyss og sjúkdómar eða heilsubrestur fara saman?

Ef afleiðingar slyss og sjúkdómar eða heilsubrestir fara saman gilda reglur A hluta, Slysáttrygging, tölul. 2.1.

3. Gjalddagi bóta og endurmat örorku

Hvenær gjaldfalla bætur og hvenær má endurmeta örorku?

Um gjalddaga bóta okkar og endurmat á örorku gild reglur um örorku í A hluta, Slysáttrygging, tölul. 6 eftir atvikum.

Við tökum að okkur lækningarkostnað sem þú þarft að standa straum af til að rökstyðja bótakröfu um slysalífeyri, sem nemur allt að 10 prósentum af lífeyri eins mánaðar. Annan kostnað tökum við ekki að okkur.

Viðbótarþáttur Bráðabætur

Um þennan viðbótarþátt gilda reglur A hluta, Slysatrigging, sem og B og C hluta, svo framarlega sem ekki hafa verið gerðar neinar fráviksreglur hér á eftir.

1. Forsendur bótagreiðslna og umfang bóta

1.1 Forsendur bóta

Hinn tryggði hlaut af völdum slyss

- beinbrot eða að
- vöðvi, sin, liðband eða poki á lið eða hryggsúlu slitnar alveg. Engin tryggingavernd er fyrir hendi ef liðþófi eða hryggþófi slitnar. Hvað þetta varðar er ekki um vöðva, sínar liðbönd eða poka að ræða.

1.2 Tegund og upphæð bóta

Við greiðum bráðabætur við hvert slys. Leiði slys til margra áverka í skilningi tölul. 1.1 greiðum við bráðabætur fyrir hvern slíkan áverka. Þó greiðum við í hæsta lagi allt að samtals 3.000 evrur fyrir alla áverkana samanlagt.

Upphæð bráðabóta sem við greiðum er sem hér segir:

(1) Beinbrot (brot)

Við beinbrot í skilningi tölul. 1.1 verður upphæð bóta sem hér segir:

Einn eða fleiri hryggjarliðir	3.000 evrur
Mjaðmagrind	3.000 evrur
Mjöldm	3.000 evrur
Handleggur	1.500 evrur
Öxl	1.500 evrur
Hönd	1.500 evrur
Fótleggur að meðtöldum lærleggshálsi	1.500 evrur
Fótur	1.500 evrur
Fingur	300 evrur
Tá	300 evrur
Önnur brot	300 evrur

(2) Slit (rof)

Við slit í skilningi tölul. 1.1 verður upphæð bóta sem hér segir:

Krossband	1.500 evrur
Hásin	1.500 evrur
Fótur	300 evrur
Önnur slit	300 evrur

2. Lok viðbótarþáttarins Bráðabætur þegar viðkomandi er fullra 18 ára

Hvað gildir þegar viðkomandi er fullra 18 ára?

Til viðbótar við C hluta, tölul. 4, gildir eftirfarandi: Viðbótarþættinum Bráðabætur lýkur 2 mánuðum eftir lok tryggingarársins sem hinn tryggði varð fullra 18 ára. Þetta krefst ekki uppsagnar samningsins.

Viðbótarþáttur Sjúkrahúsdagpeningar

Um þennan viðbótarþátt gilda reglur A hluta, Slysatrygging, sem og B og C hluta, svo framarlega sem ekki verða gerðar neinar fráviksreglur hér á eftir.

1. Forsendur bótagreiðslna og umfang bóta

1.1 Forsendur bóta

Hinn tryggði

- er í nauðsynlegri fullnaðarinnlögn í lækningaskyni af slysförum

eða

- er í aðgerð á göngudeild sem fram fer í fullri svæfingu eða staðbundinni deyfingu á að minnsta kosti einum heilum útlím

Kúrar sem og dvalir á heilsuhælum og endurhæfingarheimilum teljast ekki nauðsynlegar meðferðir í lækningaskyni.

1.2 Hæð og lengd bóta

Við greiðum umsamda sjúkrahúsdagpeninga sem nema þeirri upphæð sem um samdist í tryggingarskírteininu. Við greiðum í mesta lagi í 5 ár frá slysdagi,

- fyrir hvern almanaksdag meðferðar með fullnaðarinnlögn, frá 4. almanaksdegi meðferðar með fullnaðarinnlögn tvöfalda upphæð;
- fyrir 3 daga við aðgerðir á göngudeild;
- auk þess fyrir hvern almanaksdag gistingar fylgdarmanns á sjúkrahúsi (Rooming-In). Forsendur þessa eru að hið tryggða barn sé enn ekki fullra 14 ára þegar slysið varð.

2. Þegar saman fara afleiðingar slyss og sjúkdómar

Hvað gerist ef afleiðingar slyss og sjúkdómar eða heilsubrestur fara saman?

Fari afleiðingar slyss saman við sjúkdóma eða heilsubrest gildir eftirfarandi um sjúkrahúsdagpeninga:

(1) Skerðing sjúkrahúsdagpeninga
Í samræmi við hlut sjúkdóma eða heilsubrests í heilsutjóni eða afleiðingum þeirra (áhrifaþáttur) skerðast sjúkrahúsdagpeningar.

(2) Engin skerðing ef áhrifaþátturinn nemur minna en 50 prósentum

Ef áhrifaþátturinn nemur minna en 50 prósentum beitum við ekki skerðingu.

3) Hlutdeild við lærleggshálsbrot

Við lærleggshálsbrot kemur ekki til skerðingar ef sjúkdómar eða heilsubrestur áttu hlut í brotinu (slysatilvik). En hafi hins vegar í tilviki lærleggshálsbrots sjúkdómar eða heilsubrestir verið áhrifavaldar, skerðast sjúkrahúsdagpeningar samkvæmt mgr. 1 og 2.

3. Gjaldþagi bóta okkar

Hvenær gjaldfalla bætur okkar?

Um gjalddaga gilda reglur í A hluta Slysatrygging, tölul. 6 að sama skapi.

Við tökum að okkur læknskostnað sem þú þarft að standa straum af til að rökstyðja bótakröfu um sjúkrahúsdagpeninga, sem nemur allt að einu daggjaldi. Annan kostnað tökum við ekki að okkur.

Viðbótarþáttur Dánarbætur

Um þennan viðbótarþátt gilda reglur A hluta, Slysstrygging, sem og B og C hluta, svo framarlega sem ekki hafa verið gerðar neinar fráviksreglur hér á eftir.

1. Forsendur bótagreiðslna og umfang bóta

1.1 Forsendur bóta

Hinn tryggði andast af völdum slyss innan árs frá slysi. Gætið þá að því sem gera þarf samkvæmt A hluta, Slysstrygging, tölul. 3.1, mgr. 5.

Það telst einnig andlát af slysförum ef hinn tryggði er lýstur látinn með réttarlegum áhrifum eftir

- § 5 (skipsskaða)
- § 6 (loftfarslys) eða
- § 7 (aðra lífshættu)

samkvæmt lögum um horfið fólk og eftirlýsta Hafi hinn tryggði verið lýstur látinn en þó lífað slysið af, krefjumst við ekki endurgreiðslu þegar greiddra bóta.

1.2 Tegund og upphæð bóta

Við greiðum dánarbæturnar sem nema þeirri upphæð sem um samdist í tryggingarskírteininu.

2. Þegar saman fara afleiðingar slyssins og sjúkdómar

Hvað gerist ef afleiðingar slyss og sjúkdómar eða heilsubrestur fara saman?

Fari afleiðingar slyss saman við sjúkdóma eða heilsubrest gildir eftirfarandi um dánarbætur:

(1) Skerðing dánarbóta

Í samræmi við umfangið sem sjúkdómar eða heilsubrestir hafa á heilsutjón eða áhrif þeira (áhrifaþáttur) skerðast dánarbæturnar.

(2) Engin skerðing ef áhrifaþátturinn nemur minna en 50 prósentum

Ef áhrifaþátturinn nemur minna en 50 prósentum beitum við ekki skerðingu.

(3) Hlutdeild við lærleggshálsbrot

Við lærleggshálsbrot kemur ekki til skerðingar ef sjúkdómar eða heilsubrestur áttu hlut í brotinu (slysatilvik). En hafi hins vegar í tilvikum lærleggshálsbrots sjúkdómar eða heilsubrestir verið áhrifavaldar, skerðast dánarbætur samkvæmt mgr. 1 og 2.

B-hluti - Skyldur þínar

1. Tilkynningaskylda fyrir samningsgerð

Hvað felst í tilkynningaskyldu fyrir samningsgerð?

(1) Tilkynningaskylda

a) Viðfangsefni tilkynningaskyldu

Fram að framlagningu samningsyfirlýsingar er þér skylt að tilkynna um allar aðstæður sem hafa veruleg áhrif á áhættu, sannleikanum samkvæmt og undandráttafaraust, og sem við spurðum um skriflega. Aðstæður sem hafa veruleg áhrif á áhættu eru aðstæður sem hafa veruleg áhrif á ákvörðun okkar um það hvort við gerum þennan samning eða með því innihaldi sem um er samið.

Tilkynningaskyldan gildir einnig um þær spurningar varðandi aðstæður sem hafa áhrif á áhættu, sem við spyrjum um í textaformi eftir samningsyfirlýsingu þína, en fyrir samþykkt samnings.

b) Ætluð vitneskja þriðju aðila

Ef einhver annar svarar fyrir þína hönd spurningunum um aðstæður sem hafa áhrif á áhættu, gefum við okkur að þér sé kunnugt um vitneskju og sviksamlegan ásetning þessa aðila.

(2) Óæskileg réttaráhrif þess að brjóta gegn tilkynningaskyldu

a) Réttur okkar þegar brotið er gegn tilkynningaskyldu

Um afleiðingar þess að brjóta gegn tilkynningaskyldu má lesa í §§ 19 til 22 laga um váttryggingarsamninga (VVG). Á þeim forsendum sem þar eru tilgreindar getum við

- rift samningnum
- verið laus undan greiðsluskyldu,
- sagt samningnum upp,
- breytt samningnum eða
- vefengt hann vegna sviksamlegrar blekkingar.

Réttur okkar til riftunar, uppsagnar eða breytinga gildir aðeins ef við höfum bent þér á afleiðingar brota gegn tilkynningaskyldu með sérstakri tilkynningu á textaformi.

b) Frestur til að beita rétti okkar

Réttur okkar til að rifta, segja upp og breyta samningi fellur niður ef liðin eru meira en 5 ár frá samningsgerð. Þetta á ekki við ef við fáum vitneskju um brot gegn tilkynningaskyldu í gegnum bótamál sem upp kom fyrir lok þessa frests. Frestur samkvæmt 1. setningu nemur tíu árum ef brotið var gegn tilkynningaskyldu af ásettu ráði eða sviksamlega.

Réttur okkar til vefengingar vegna sviksamlegrar blekkingar fellur niður ef liðin eru tíu ár frá því að samningsyfirlýsing var afhent.

(3) Réttur þinn til uppsagnar við breytingu á samningi

Ef við hækkum iðgjaldið um meira en 10 prósent við breytingu á samningi, eða útilokum tryggingavernd við aðstæður sem okkur var ekki tilkynnt um, má segja samningnum upp samkvæmt 6. mgr. 19. gr. laga um váttryggingarsamninga (VVG).

(4) Tryggingarvernd aukin

Málsgreinar 1 til 3 gilda að sama skapi ef tryggingavernd er aukin eftir á þannig að nýtt áhættumat sé nauðsynlegt.

(5) Krafist er skriflegra gagna

Krafist er skriflegra gagna þegar beita á rétti okkar til riftunar, uppsagnar, vefengingar eða breytingar á samningi.

2. Skyldur sem snerta greiðslu iðgjalds

2.1 Hvað þarf að hafa í huga við greiðslu iðgjalds?

(1) Greiðslutímabil

Iðgjöld fyrir trygginguna þarf að greiða sem eingreiðslu eða sem reglubundin iðgjöld samkvæmt umsömdu greiðslutímabili. Greiðslutímabil getur, eftir því hvernig um samdist, verið einn mánuður, ársfjórðungur, hálf ár eða eitt ár. Þetta er tilgreint í tryggingarskráeinu.

Iðgjöldin eru reiknuð út miðað við umsamið greiðslutímabil. Tryggingartímabil (12. gr. laga um tryggingarsamninga - VVG) samsvarar þannig umsömdu greiðslutímabili.

(2) Gjaldtagi iðgjalda

a) Fyrsta eða einstakt iðgjald

Fyrsta eða einstakt iðgjald skal greiða tafarlaust eftir gerð samningsins. Ef samið var um það okkar í millum að tryggingavernd skuli ekki hefjast fyrr en síðar, gjaldfellur iðgjaldið ekki fyrr en að því kemur.

b) Framhaldsiðgjöld

Framhaldsiðgjöld skal greiða fyrsta hvers mánaðar í hverju umsömdu greiðslutímabili hafi ekki verið um annað samið.

(3) Greitt á tilskildum tíma

Iðgjald er greitt á réttum tíma ef þú gerir tafarlaust allt á gjalddaga til þess að iðgjaldið berist okkur. Ef samið var um að iðgjald skyldi greitt með skuldfærslu (sjá 5. mgr.) telst greiðslan innt af hendi á réttum tíma ef

- við getum innheimt iðgjaldið á gjalddaga
- og eigandi reiknings mótmælir ekki réttmætri innheimtu.

Ef ekki reyndist unnt að innheimta gjaldfallið iðgjald, án þess að þú eigir sök á því, telst greiðslan þá líka innt af hendi á réttum tíma ef hún fer fram tafarlaust eftir að við höfum hvatt þig skriflega (til dæmis í bréfi, símbréfi, tölvupósti) til að greiða iðgjaldið.

(4) Áhætta við millifærslu

Sending iðgjalds fer fram á þína ábyrgð og á þinn kostnað.

(5) Greitt með skuldfærslubeiðni

a) SEPA-skuldfærsluheimild

Ef skuldfæra skal iðgjald af reikningi (skuldfærslukerfi) verður að veita okkur til þess SEPA-skuldfærsluheimild.

b) Mánaðarleg iðgjöld

Mánaðarleg iðgjöld skal greiða í skuldfærslukerfi.

c) Afleiðingar misheppnaðrar skuldfærslu

Ef við getum ekki innheimt gjaldfallið iðgjald og berir þú ábyrgð á því,

- getum við framvegis farið fram á það að greiðslur fari aðeins fram utan skuldfærslukerfisins;
- er okkur heimilt að breyta mánaðarlegu greiðslutímabili í ársfjórðungslegt greiðslutímabil.

Að öðru leyti gilda reglur um vanskil (sjá tölul. 2.2 og 2.3).

2.2 Hvað gildir ef fyrsta eða einstakt iðgjald er ekki greitt á réttum tíma?

(1) Tryggingarvernd stefnt í hættu

Upphaf tryggingarverndar er háð því að iðgjald sé greitt á réttum tíma (sjá C hluta, tölul. 1). Ef fyrsta eða einstakt iðgjald er ekki greitt á réttum tíma í skilningi tölul. 2.1, 2. mgr. a) og 3. mgr. hefst tryggingarverndin fyrst frá þeim tíma þegar iðgjaldið er greitt.

Okkur er ekki skylt að greiða bætur fyrir tryggingartilvik sem koma upp í millitíðinni, nema þú sýnir okkur fram á að greiðslufallið var ekki þér að kenna.

Við getum aðeins nýtt rétt okkar til að greiða ekki bætur ef við höfum ekki með sérstakri tilkynningu í textaformi (til dæmis í bréfi, símbréfi, tölvupósti) eða skýrri ábendingu í tryggingarskrárinu bent þér á réttaráhrif þess að greiða ekki iðgjaldið.

(2) Riftunarréttur okkar

Ef þú greiðir fyrsta eða einstakt iðgjald ekki á réttum tíma getum við rift samningnum svo lengi sem iðgjaldið hefur ekki borist okkur. Ekki kemur til uppsagnar ef þú getur sannað að þú berir ekki ábyrgð á greiðslufallinu.

2.3 Hvað gildir ef þú greiðir ekki framhaldsiðgjald á réttum tíma?

(1) Vanskil

Ef framhaldsiðgjald er ekki greitt á tilskildum tíma í skilningi tölul. 2.1, 2. mgr. b) og 3. mgr., ert þú kominn í vanskil án frekari greiðsluáskorana, nema ef greiðslufallið var ekki þér að kenna. Okkur er heimilt að krefjast endurgreiðslu á því tjóni sem vanskilin ollu okkur.

(2) Frestir

Ef þú greiðir framhaldsiðgjald ekki á réttum tíma getum við sett þér gjaldfrest skriflega (til dæmis í bréfi, símbréfi, tölvupósti) á þinn kostnað, og skal hann nema að minnsta kosti 2 vikum. Ákvæðið og skal hann nema að minnsta kosti 2 vikum. Ákvæðið og skal hann nema að minnsta kosti 2 vikum. Ákvæðið er því aðeins gilt að við sundurliðum þar iðgjaldið sem í vanskilum er, vexti og kostnað og tilgreinum réttaráhrifin sem tengjast lokum frestsins samkvæmt mgr. 3 til 5.

(3) Engin tryggingarvernd ef frestur líður án árangurs í tryggingartilvikum sem upp koma eftir að veittur gjaldfrestur er liðinn gildir engin tryggingarvernd ef

- greiðsla iðgjalds, vaxta eða kostnaðar er enn í vanskilum þegar tryggingartilvik kemur upp og
- við höfum bent þér á þessi réttaráhrif um leið og fresturinn var veittur.

(4) Réttur okkar til uppsagnar ef frestur líður án árangurs

Ef greiðsla iðgjalds, vaxta eða kostnaðar er enn í vanskilum þegar veittur gjaldfrestur er á enda getum við sagt samningnum upp án uppsagnarfrests. Forsenda þess er að við höfum bent þér á þau réttaráhrif um leið og fresturinn var veittur.

Við getum lýst yfir uppsögn um leið og fresturinn er veittur. Ef greiðsla iðgjalds, vaxta eða kostnaðar er enn í vanskilum þegar fresturinn er liðinn tekur uppsögn sjálfkrafa gildi. Við bendum skilmerkilega á þetta við uppsögn.

(5) Samningur heldur áfram ef upphæðin sem greiðsluáskorunin snerist um greiðist eftir á

Uppsögn okkar er ógild og samningurinn heldur áfram ef upphæðin sem greiðsluáskorunin snerist um er greidd innan eins mánaðar. Þessi eins mánaðar frestur hefst um leið og uppsögnin eða, ef uppsögn tók gildi um leið og fresturinn, þegar greiðslufrestur rennur út. Fyrir bótamál sem koma upp milli þess að gjaldfrestur er liðinn og eftirgreiðsla er innt af hendi gildir þó engin tryggingarvernd.

C hluti - Almennar reglur

1. Upphaf tryggingarverndar

Hvenær hefst tryggingarverndin?

(1) Grundvallarregla

Tryggingarverndin hefst á umsömdum tíma ef þú greiðir fyrsta eða einstakt iðgjald á réttum tíma í skilningi 2. mgr. a) tölul. 2.1 í B hluta. Ef þú greiðir fyrsta eða einstakt iðgjald ekki á réttum tíma hefst tryggingarverndin þar af leiðandi ekki fyrr en á þeim tíma þegar þú greiðir iðgjaldið (sjá 1. mgr. tölul. 2.2 í B hluta).

Við greiðum ekki bætur vegna tryggingartilvika sem upp koma fyrir upphaf tryggingarverndar.

(2) Tryggingarvernd aukin

Ef tryggingarvernd er aukin eftir á gildir 1. mgr. einnig um þessa aukningu tryggingarverndar.

2. Aðlögun skilmála

Hvenær getum við aðlagð reglu tryggingarskilmálanna?

(1) Regla verður ógild

Ef

- ákvörðun æðsta dómstigs eða
- lögmæt stjórnsýsluaðgerð

ógildir reglu í tryggingaskilmálum er okkur heimilt að breyta reglu í tryggingaskilmálum þínum sem slíkt á við um, bæta við hana eða setja aðra í hennar stað.

Þetta á einnig við ef þessi ákvörðun dómstóls eða yfirvalda lýtur að öðru fyrirtæki. Forsenda er að reglan sem fellur úr gildi sé í meginatriðum efnislega eins og regla í tryggingaskilmálum þínum. Aðlögun er aðeins heimil ef þær forsendur sem lýst er í málsgreinunum hér á eftir eru fyrir hendi.

(2) Reglur sem aðlaga má

Við getum aðeins aðlagð reglur sem eiga við um eitt eftirtalinnna atriða:

- forsendur bótagreiðslna;
- umfang bóta;
- útilokanir frá bótum eða takmarkanir bóta;
- skuldbindingar sem hafa þarf í huga eftir samningsgerð;
- aðlögun iðgjalds;
- samningstíma;
- uppsögn samnings.

(3) Ógilding reglunnar án þess að annað komi í staðinn má ekki teljast sanngjörn

Aðlögun er bundin því skilyrði

- að lagaleg fyrirsmæli feli ekki í sér neitt skýrt ákvæði sem gerir það að verkum að hægt sé að loka þeirri samningseyðu sem ógildingin (sjá mgr. 1) hafði í för með sér og
- að ógilding reglunnar án þess að annað komi í staðinn teljist ekki ásættanleg lausn sem telja megi almennt sanngjarna út frá hagsmunum samningsaðila.

(4) Inntak nýrrar reglu

Aðlögun gerist samkvæmt grundvallarreglum hliðstæðrar samningstúlkunar. Þetta merkir að í stað reglunnar sem ógilt var komi regla sem samningsaðilar hefðu valið og talið almennt ásættanlega og sanngjarna út frá hagsmunum þeirra, hefði þeim verið kunnugt um að reglan væri ógild á þeim tíma þegar samningur var gerður.

(5) Aðlögun skilmála og framkvæmd hennar

Við tilkynnum þér skriflega (til dæmis með bréfi, símbréfi, tölvupósti) um regluna sem aðlöguð var, og útskýrum hana. Aðlögunin telst samþykkt hafir þú ekki mótmælt henni innan 6 vikna frá móttöku tilkynningar okkar. Andmælin þurfa að vera skrifleg. Við bendum þér skilmerkilega á andmælaréttinn í tilkynningu okkar. Andmælin teljast send á tilskildum tíma ef þau eru send innan frestsins sem veittur er. Ef þú andmælir innan frestsins tekur aðlögun skilmálanna ekki gildi.

(6) Uppsagnarréttur okkar ef þú andmælir

Ef þú andmælir aðlögun skilmálanna (sjá mgr. 5) getum við sagt samningnum upp ef ekki er hægt að ætlast til þess af sanngirni að við stöndum við samninginn án aðlögunarinnar. Við verðum að lýsa yfir uppsög skriflega innan 6 vikna frá móttöku andmæla þinna (til dæmis í bréfi, símbréfi, tölvupósti), og gildir þá 8 vikna frestur talið frá mánaðarlokomum.

3. Tryggingarár skilgreint

Hvernig er tryggingarár ákvarðað?

Tryggingarár nær yfir 12 mánaða tímabil. Ef umsaminn samningstími nær ekki aðeins yfir heil ár er fyrsta tryggingarárið stytzt sem því nemur. Eftirfarandi tryggingarár til umsaminnna loka samnings eru heil ár hverju sinni.

Umsaminn samningstíma má lesa í tryggingarskírteini.

4. Samningslok

4.1 Hversu lengir gildir samningurinn og hvenær má segja honum upp?

(1) Samningstími

Samningurinn er gerður til þess tíma sem tilgreindur er í tryggingarskírteini.

(2) Þögult samþykki um framlengingu samnings og uppsögn

Þegar samningstími er að minnsta kosti eitt ár framlengist samningurinn um eitt ár hverju sinni ef samningnum er hvorki sagt upp af þinni hálfu né okkar. Uppsögn þarf að berast samningsaðila í síðasta lagi 3 mánuðum fyrir lok umsamins samningstíma eða hvers árs eftir það.

(3) Uppsögn þegar samningstími er lengri en 3 ár

Ef samið var um meira en 3 ára samningstíma getur þú sagt samningnum upp við lok þriðja árs eða hvers árs eftir það. Uppsögn þarf að berast okkur í síðasta lagi 3 mánuðum fyrir lok umsamins samningstíma eða hvers árs eftir það.

(4) Uppsagnarform

Uppsögn samkvæmt þessari reglu skal vera skrifleg. Til dæmis telst tölvupóstur, bréf eða símbréf skriflegt, svo framfarlega sem auðsætt er hver sendandinn er.

4.2 Við hvaða skilyrði má segja tryggingunni upp eftir að til tryggingartilviks kom?

(1) Uppsagnarréttur

Samningnum getum við eða þú lokið með uppsögn þegar við höfum greitt bætur eða þú höfðað mál á hendur okkur til greiðslu bóta.

(2) Uppsagnaryfirlýsing

Uppsögn þarf að berast samningsaðila í síðasta lagi einum mánuði eftir greiðslu bóta eða - ef um málshöfðun er að ræða - eftir afturköllun málshöfðunar, samþykki, sátt eða gildistöku dóms.

(3) Uppsagnarform

Uppsögn samkvæmt þessari reglu skal vera skrifleg. Til dæmis telst tölvupóstur, bréf eða símbref skriflegt, svo framarlega sem auðsætt er hver sendandinn er.

(4) Gildistaka uppsagnar

Ef þú segir upp tekur uppsögnin gildi þegar hún berst okkur. Þú getur þó ákveðið að uppsögnin taki gildi síðar, en þó í síðasta lagi við lok þess tryggingarárs sem í gildi er. Ef við segjum samningnum upp verður uppsögnin virk einum mánuði eftir að hún berst þér.

4.3 Áhrif uppsagnar á slystrygginguna og einstaka viðbótarþætti

Slystryggingin og einstakir viðbótarþættir eru ekki lagalega sjálfstæðir samningar. Þeim verður því ekki sagt upp hverjum fyrir sig. Samningnum verður aðeins sagt upp í heild.

5. Iðgjald þegar sagt er upp fyrir en ætlað var

Hvaða greiðslu skuldar þú okkur við lok eða ógildingu samnings fyrir en ætlað var?

Ef samningnum lýkur fyrir en ætlað var getum við - svo framarlega sem lög kveða ekki á um annað - aðeins krafist þess hluta iðgjalds sem á við um það tímabil sem tryggingarvernd tók til.

Undantekning gildir einkum ef við riftum samningnum vegna þess að þú braust gegn tilkynningaskyldu eða ef við vefengjum hann vegna sviksamlegrar blekkingar. Í þeim tilvikum þarf þú að greiða iðgjald til þess tíma þegar riftunar- eða vefengingaryfirlýsing okkar berst þér.

Ef við riftum samningnum vegna þess að þú greiddir ekki fyrsta eða einstakt iðgjald á réttum tíma getum við krafist sanngjarnrar þóknunar.

6. Þýskur réttur

Hvaða réttur gildir um samninginn?

Um samning þennan gildir þýskur réttur.

7. Varnarþing

Hvar má bera fram kröfur fyrir rétti?

(1) Varnarþing ef þú höfðar mál gegn okkur Mál sem byggja á tryggingarsamningnum eða tryggingarmiðluninni má höfða fyrir dómstól sem hefur lögsögu þar sem það útibú okkar sem annast samning þinn eða höfuðstöðvar eru.

Þú getur líka höfðað mál fyrir dómstól sem hefur lögsögu þar sem þú átt lögheimili eða býrð að staðaldri ef lögheimili er ekkert þegar málið er höfðað. Ef váttryggingartaki er lögaðili (til dæmis hlutafélag eða félag með takmarkaðri ábyrgð, GmbH) eða sameignarfélag (Personengesellschaft) sem átt getur aðild að málum (til dæmis verslunarfélag, Offene Handelsgesellschaft, eða verslunarfélag með mismunandi eignarábyrgð, Kommanditgesellschaft), þá ræðst varnarþing af aðsetri þess.

Ef lög heimila að fleiri varnarþing komi til greina sem ekki er hægt að útiloka með samningum, er einnig hægt að höfða mál þar.

(2) Varnarþing ef við höfðum mál gegn þér

a) Okkur er kunnugt um lögheimili eða starfsaðsetur þitt Við getum eingöngu höfðað mál gegn þér fyrir þeim dómstóli sem hefur lögsögu þar sem þú átt lögheimili þegar málið er höfðað, eða venjulegt aðsetur, ef lögheimili er ekkert. Ef váttryggingartaki er lögaðili (til dæmis hlutafélag eða félag með takmarkaðri ábyrgð, GmbH) eða sameignarfélag (Personengesellschaft) sem átt getur aðild að málum (til dæmis opið verslunarfélag, Offene Handelsgesellschaft, eða verslunarfélag með mismunandi eignarábyrgð, Kommanditgesellschaft), þá ræðst varnarþing af aðsetri þess.

b) Okkur er ekki kunnugt um lögheimili eða starfsaðsetur þitt Ef ekki er kunnugt um lögheimili þitt eða venjulegan dvalarstað þegar málið er höfðað má höfða mál fyrir dómstól sem hefur lögsögu þar sem útibú okkar sem annast samning þinn er eða höfuðstöðvar okkar eru. Þetta gildir á sambærilegan hátt ef tryggingartakinn er lögpersóna eða aðili sem átt getur aðild að málum og aðsetur aðalstöðva hans er óþekkt.

(3) Lögsaga dómstóls ef búseta er utan Evrópusambandsins, Íslands, Noregs eða Sviss Ef þú flytur heimili þitt til ríkis utan Evrópusambandsins, Íslands, Noregs eða Sviss getum bæði þú og við eingöngu höfðað mál út af tryggingarsamningnum eða tryggingarmiðluninni fyrir dómstól sem hefur lögsögu þar sem starfsaðsetur okkar eru.

(4) Varnarþing ef tjonstilvik á sér stað erlendis

Ef þú átt heimili þitt, venjulegan dvalarstað eða starfsaðsetur í Þýskalandi við samningsgerð og tryggt tjonstilvik á sér stað erlendis er aðeins hægt að höfða mál í þessu sambandi fyrir þýskum dómstól.

Hvaða þýski dómstóll á þá lögsögu ræðst af því hvort þú eigir heimili þitt, venjulegan dvalarstað eða starfsaðsetur í Þýskalandi þegar mál er höfðað. Ef svo er má lesa um lögsögu þýskra dómstóla í málsgreinum 1 og 2. Ef þú átt ekki heimili þitt, venjulegan dvalarstað eða starfsaðsetur í Þýskalandi þegar mál er höfðað má höfða mál fyrir þeim dómstól sem hefur lögsögu þar sem starfsaðsetur okkar er.

Ef lög heimila að fleiri þýsk varnarþing komi til greina sem ekki er hægt að útiloka með samningum, er einnig hægt að höfða mál þar.

8. Fyrning

Hvenær fynast kröfur samkvæmt samningnum, lögum samkvæmt?

(1) Fyrningarfrestur og ráðandi lagareglur

Kröfur út af tryggingarsamningnum fynast samkvæmt 195. grein Borgaralegrar lögbókar (BGB) á 3 árum. Nánar um upphaf, lengd og hlé á fyrningu er að finna í 195. til 213. gr. Borgaralegrar lögbókar (BGB).

(2) Fyrningu frestað meðan greiðsluskylda okkar er í athugun

Ef okkur berst krafa samkvæmt samningnum er fyrningu hennar frestað þar til þér eða þeim sem lagði kröfuna fram berst ákvörðun okkar skriflega (til dæmis í bréfi, símbréfi eða tölvupósti).

Viðauki: Starfshópalisti

Starfshópur A.

Starfsmenn sem sinna verslunar- eða stjórnunarstörfum innan fyrirtækis eða úti á meðal viðskiptamanna, leiðtoga- eða eftirlitsstörfum innan fyrirtækis eða á byggingarstað, í verslun, á rannsóknastofu, á heilbrigðissviði eða á snyrtistofum.

Starfshópur B.

Starfsmenn sem sinna líkamlegum eða handverksstörfum eða starfa með ætandi, eitruð, auðtendanleg eða sprengifim efni. Einstaka líkamleg eða handverksstörf tilheyra starfshópi A.

Ef einhverju starfi er eingöngu sinnt á verslunar- / stjórnunar- / eftirlitstengdan hátt gildir starfshópur A. Ef einnig eru unnin með skipulegum eða reglubundnum hætti, það er að segja ekki í undantekningartilvikum, störf samkvæmt starfshópi A og B gildir starfshópur B.

(Ábending: Af tæknilegum ástæðum er í töflunni hér á eftir karlkynsorömyndin notuð: Taflan gildir um kvenkynsorömyndina á sambærilegan hátt.)

Í starfshópi A eru einkum eftirfarandi og sambærileg störf

Landbúnaðarverkfræðingur, umönnunarmaður aldraðra, fjárfestingaráðgjafi, lyfjafræðingur, arkitekt, lækni
baðvörður, bankamaður, byggingaverkfræðingur, byggingateiknari, bókhaldari, skrifstofumaður, skrifstofumaður með fagmenntun
kírópraktor
diplóma-verkfræðingur, vörubirgðastjóri/Disponent
kaupmaður á sviði upplýsingatækni, smásölukaupmaður, rafmagnsverkfræðingur, rafeindafræðingur, rafveitufafeindafræðingur
fjarskiptarafeindafræðingur, sjónvarpstæknimaður, fjárreiðubókhaldari, blómasali, flugverkfræðingur, ljósmyndari,
gullsmiður, grafík-listamaður, heilðsali
verslunarfulltrúi, húsbóndi, umsýsnarmaður fasteignar, náttúrulæknir, kennari á háskólastigi, fagmenntaður hótélstarfsmaður, hótélleigandi, fasteignasali, kaupmaður á iðnaðarsviði, upplýsingafræðingur, upplýsingarafeindafræðingur, verkfræðingur, innanhússarkitekt
blaðamaður, skartgripasali
gjaldkeri, kaupmaður, starfsmaður í verslunarrekstri, hjúkrunarfræðingur, ráðgjafi viðskiptamanna, listamaður, listmálari
lagerstjóri, kennari
miðlari, vélsmiðaverkfræðingur, nuddari, stærðfræðingur, mælitæknimaður, tónlistarmaður
saumari, lögbókandi, aðstoðarmaður lögbókanda
sjóntækjafraðingur
kennslufræðingur, eftirlaunabegi, dyravörður, eðlisfræðingur, sjúkrapjálfari, hóteldyravörður, forritari, geðlæknir
útvarps- og sjónvarpstæknimaður, lögmaður, útgefandi, starfsmaður í þjálfun, leikstjóri, leiðsögumaður, kaupmaður á ferðasviði, ellilífeyrisbegi, fréttamaður, fagmenntaður veitingamaður, endurskoðandi, dómari
umsýsnarmaður úrvinnslu, söngvari, sjúkraflytningamaður, félagsráðgjafi, félagsfræðingur, flutningamaður, kaupmaður á flutningasviði,
leikari, klæðsker, nemandi
saksóknari, burðarþolsfræðingur, skattaráðgjafi, aðstoðarmaður í skattamálum, námsmaður
tæknimaður, tæknilegur starfsmaður, tækniteiknari
úrsmiður, fyrirtækjaráðgjafi, athafnamaður
sölumaður, sölustjóri, sölumaður bókaútgáfu, mælingamaður, eignaráðgjafi, váttryggingastarfsmaður, váttryggingafulltrúi, fulltrúi, aðstoðarmaður á sölusviði, sölustjóri, starfsmaður í stjórnun
fagmenntaður auglýsingamaður, endurskoðandi
tannlæknir, tannsmiður, dýrafræðingur

Í starfshópi B eru einkum eftirfarandi og sambærileg störf

Verkamaður
bakari, gröfustjóri, byggingaverkamaður, námustarfsmaður, gólfslagningamaður, bruggstjóri, bréfberi, bókaprentari, vagnstjóri
efnaiðnaðarverkamaður *), starfsmaður á efnaiðnaðarrannsóknastofu *), efnafraðingur *), efnaiðnaðartæknimaður
þaksmiður, skreytingamaður, rennismiður, prentari
járnamaður, rafvirki, rafuppsetningamaður, raftæknimaður
ökukennari, tæknimaður fingerðra hluta, gluggabvottamaður, langferðabilstjóri, slökkviliðsmaður, fiskimaður, kjötkaupmaður, flísaleggjari, flugvélasmiður, skógarstarfsmaður, skógarvörður, dúkari
garðyrkjumaður, veitingamaður, starfsmaður við þrif fasteigna, vinnupallasmiður, glervinnslumaður
hafnarverkamaður, húsvörður, kyndingauppsetningamaður
iðnaðarmeistari, uppsetningamaður
sótari, þjónn, pípuþvottamaður, matreiðslumaður, kökugerðarmaður, bifreiðastjóri, bifreiðarafvirki, bifvélavirki, kranastjóri
rannsóknastofustarfsmaður *), máleri, lagerstarfsmaður, landbúnaðarvélvirki, bóndi, lestarstjóri
málari, vélsmiður, vélstjóri, háseti, múrari, tæknimaður, tæknimaður á sviði upplýsinga-, raf-, rafeinda- og véltækni (Mechatroniker),

fréttatækniamaður
ofnasmiður, bæklunarlækningatækniamaður
steinlagningamaður, verkstjóri á byggingastað, lögregluþjónn, bólstrari, póstsendingill, ræstingamaður
innanhússhönnuður, forvörður
setjari, hermaður, blikksmiður, íþróttakennari, uppþvottamaður
skemmtitækjaeigandi, vaktstjóri, skipasmiður, skipstjóri, málmismiður, járnsmiður, (húsgagna)smiður, rithöfundur, skósmiður, steinsmiður
dansari, danskennari, veggfóðrari, leigubílstjóri, dýralæknir, dýrahirðir, trésmiður, þjálfari, flutningaverkamaður
farandsali, múrari, verkstjóri
vörður, vinnbóndi, verkamaður í skipasmíðastöð, verkstæðisformaður, smíðaeftirbúnaðarmaður, verkfærasmíðarmaður, vingerðarmaður
húsasmiður, lestarstjóri

*) svo framarlega sem ekki er unnið með ætandi, eitruð, eldfim eða sprengifim efni gildir starfshópur A

Auk þess skal hafa í huga: Störfum / starfsemi atvinnuþróttamanna, listamanna, tannamanna, dýraþjálfara og fljúgandi fólks fylgir sérstök áhætta og fellur slíkt hvorki undir starfshóp A né B. Þegar skipt er yfir í þessi störf / þessa starfsemi felur það í sér aukna áhættu sem krefst sérstakrar gjaldskrárflokkunar. Þetta á einnig við þegar störf / starfsemi er(u) stunduð í „hjáverkum“.